FRÉTTABLAÐIÐ
159. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 11. JÚLÍ 2019




**Hleðslustöð ON.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Eigandi Hlöðu í starfi hjá ON

**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar réð Ólaf Davíð Guðmundsson, framkvæmdastjóra og eiganda Hlöðu sem selur hleðslustöðvar, sem ráðgjafa og tæknistjóra hleðslustöðva. ON, sem er dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, sér um að reka og þjónusta hleðslustöðvar við þjóðvegi landsins og veitir ráðgjöf fyrir fyrirtæki og fjölbýlishús.

„Ég kem ekki nálægt innkaupum,“ segir Ólafur en vegir ON og Hlöðu hafa hins vegar legið saman á undanförnum vikum.

Mikill kurr er í keppinautum Hlöðu á markaðinum. Gögn sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að Orkuveitan vissi af hagsmunaárekstrinum.

**– ab /** **sjá síðu 6**

## MDE dæmir Exeter-mál á þriðjudaginn

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu mun kveða upp dóm í máli Styrmis Þórs Bragasonar gegn íslenska ríkinu á þriðjudag, 17. júlí. Styrmir, sem er fyrrverandi forstjóri MP banka, var árið 2013 dæmdur af Hæstarétti Íslands til eins árs fangelsis í hinu svokallaða Exeter-máli. Styrmir kvartaði til Mannréttindadómstólsins sem tók málið til meðferðar vorið 2016.

Styrmir var fundinn sekur um hlutdeild í umboðssvikum tengdum lánveitingum sparisjóðsins Byrs til Tæknisetursins Arkea ehf. til kaupa á stofnfjárbréfum í sjóðnum. Samkvæmt dómnum hafi hann lagt á ráðin um það ásamt Jóni Þorsteinssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Byrs, og Ragnari Z. Guðjónssyni, fyrrverandi sparisjóðsstjóra. Hluti þeir hvor um sig fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm í málinu.

**» Styrmir er fyrrverandi forstjóri MP banka. Hann var dæmdur í eins árs fangelsi árið 2013.**

Héraðsdómur sýknaði Styrmi í tvígang í málinu en Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu. Kæra Styrmis fyrir Mannréttindadómstólnum lýtur að því að brotið hafi verið gegn reglu um milliliðalausa sönnunarfærslu. Hafi Hæstiréttur endurmetið sönnunargildi munnlegs framburðar án þess að vitnin hafi komið fyrir réttinn og gefið skýrslu.

Þetta er sama atriði og var meðal annars notað í hinu svokallaða Vegasmáli frá 2003. Þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði ekki veitt sakborningi réttláta málsmeðferð í manndrápsmáli. **– khg**




# Eignumst við nógu mörg börn?

Fæðingartíðni er í sögulegu lágmarki á Íslandi á sama tíma og lífslíkur hafa aldrei verið meiri. Fólksfjölgun er ekki enn orðin vandamál, en færri eru vinnandi. Þarf að grípa til aðgerða til að viðhalda lífsgæðum og framleiðni? 12

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um flokka í nauðum. 17

**SPORT** Sara Björk Gunnarsdóttir er komin í stjórn Leikmannasamtaka Íslands. 18

**MENNING** Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari sendir frá sér ljóðabók og geisladisk. 26

**LÍFIÐ** Eitt sinn borðaði listamaðurinn Tómas Freyr ekkert nema banana í heilan mánuð. 32



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Austlæg átt 3-8 og allvíða skúrir í dag, en áfram bjart veður norðaustan til. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á Norðausturlandi. SJÁ SÍÐU 22



**Eldri borgarar mættu á kynningu nýja menningarkortsins á Kjarvalsstöðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eldri borgarar á kynningu um safn-snjallforrit

**REYKJAVÍK** Eldri borgarar þurfa nú að greiða 1.800 krónur inn á söfn Reykjavíkurborgar í stað þess að fara inn frítt. Um mánaðamótin tók gildi ný gjaldskrá á söfnum borgarinnar.

Á fundi á Kjarvalsstöðum í gær kynnti Lóa Þórhallsdóttir, starfandi borgarstjóri, nýtt Menningarkort fyrir 67 ára og eldri og möguleikann á því að nota það í snjallsíma.

Breytingin var samþykkt á fundi menningar-, íþrótta og tómstundaráðs í júní en frá því að eldri borgarar fengu frían safnaðgang fyrir nokkrum árum hefur aðsókn þeirra ekki aukist. Fór hún úr 6 þúsund manns árið 2013 í 6.800 manns árið 2018. Á sama tíma hefur erlendum ferðamönnum yfir 67 ára fjölgað.

Með breytingunni eru bundnar vonir við að rekstur safnanna styrkist enda þurfi bæði innlendir og erlendir að greiða fyrir aðgang. – ab

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleyri myndir eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

# Á hvítum reitum og svörtum



**Tveir ferðalangar eigast við á hinu fornfræga útitafli sem bíður vegfarenda sem eru í stuði fyrir eina bröndótta fyrir framan Pakkhús Hróksins við Geirsgötu. Yfir reitunum 64 eru allir jafnir enda slagorð skákhreyfingarinnar Gens una sumus, Við erum öll eins fjölskylda.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Rithöfundar standa með flóttabörnum

**BÓKMENNTIR** Hópur íslenskra barna- og ungmennabókahöfunda sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem það er fordæmt að íslensk stjórnvöld vísi börnum á flótta og fjölskyldum þeirra á brott frá Íslandi.

Í yfirlýsingunni er vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið tekinn í íslensk lög og gerir stjórnvöldum skylt að hafa hagsmuni barna alltaf í forgangi.

„Við teljum ekki forsvaranlegt að senda börn á flótta til Grikklands þar sem aðstæður í hæliskerfinu hafa verið metnar ófullnægjandi og ekkert bíður þeirra nema gatan. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að mál barna á flótta séu metin á þeirra forsendum,“ segir í tilkynningunni og fylgir listi þeirra rithöfunda sem hafa skrifað undir yfirlýsinguna. – pk

# Segir Hegningarhúsið frátekið fyrir lögmenn

**Formaður félags fanga vill fá aðstöðu í hegningarhúsinu en segir það frátekið fyrir Lögmannafélagið. Formaður LMFÍ segist ekki við að hafa fengið vilyrði.**

**SAMFÉLAG** „Við myndum auðvitað vilja vera með okkar aðstöðu í þessu húsi og teljum okkur eiga meira tilkall til þess en lögmenn enda húsið byggt yfir okkur, svona þannig lagað,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, um Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Unnið er að viðhaldi hússins eins og Fréttablaðið greindi frá í vor en ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verður í því til framtíðar.

„Þegar ég lýsti áhuga félagsins á að fá aðstöðu fyrir fanga og fyrrverandi fanga í húsinu, var mér tjáð að húsið væri frátekið fyrir Lögmannafélagið,“ segir Guðmundur og segir málið hafa komið til umræðu í kerfinu fyrir stuttu þar sem var verið að ræða fangelsismál.

Afstaða hefur leigt húsnæði fyrir starfsemina í Ártúnshöfða en þar er fyrirhugað að vera með skrifstofuaðstöðu félagsins, móttökumiðstöð fyrir aðstandendur og neyðargistiúrræði fyrir þá sem lokið hafa afplánun en þurfa tíma til að aðlagast samfélaginu og fóta sig á eigin spýtur.

„Það væri frábært fyrir okkar félag að vera meira miðsvæðis og geta boðið skjólstæðingum okkar þjónustu þar sem þeir eru. Og við byggðum þetta hús yfir okkur sjálfir, í sögulegu ljósi allavega og því eigum við auðvitað meira tilkall til þess en nokkur annar þjóðfélagshópur,“ segir Guðmundur. Aðspurður segir hann að félagið myndi alls ekki þurfa allt húsið. „Ég efast ég ekki um að samskipti okkar við lögmenn yrðu góð á níunni hér eftir sem hingað til,“ segir Guðmundur og vísar til sambands verjenda við fanga um árabil í húsinu.

„Draumurinn væri sá að þarna yrði ákveðin „regnhlíf“ þar sem margir aðilar sem tengjast fangelsismálum myndu mynda hóp þar sem unnið væri að betrunarstefnu og úrræðum í fangelsismálum. Ég sé fyrir mér aðkomu Afstöðu, Fangelsismálastofnunar, Sambands sveitarfélaga, Rauða krossins, Hjálpræðishersins, lögreglunnar, Lögmannafélagsins, Geðhjálpar, Stígamóta og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þetta held ég að myndi aðstoða okkur við að komast inn í nútímann í fangelsismálum, sáttamiðlunum og skaðaminnkunum, þar sem unnið væri með dómþola, aðstandendur og brotaþola,“ segir Guðmundur og leggur áherslu gildi fræðslu og samvinnu.



**Margir hafa augastað á Níunni enda á frábærum stað.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Við byggðum þetta hús sjálfir, í sögulegu ljósi allavega og því eigum við auðvitað meira tilkall til þess.**

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

Óvissa hefur ríkt um framtíð hússins síðan starfseminni var hætt þar sumarið 2016. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að það kosti 300 milljónir að gera húsið upp að utan. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er áætlað að kostnaður við að innrétta húsið fyrir nýja starfsemi sé ekki undir einum milljarði króna. Ráðuneytið hefur ekki enn viljað svara því hvers kyns starfsemi það yrði og því óljóst hver muni bera kostnaðinn.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins, ekki kannast við neitt vilyrði eða nein skilaboð frá stjórnvöldum varðandi húsið. Hún segir félagið hafa sýnt áhuga í tíð fyrri formanns, Reimars Péturssonar.

„Það hefur ekkert verið rætt um þetta síðastliðið ár, ekki síðan ég kom þarna inn.“ segir Berglind en vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti. **kristinnhaukur@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Skoðaðu** útsölublaðið á **husa.is**

# Sumar ÚTSALA

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

## Allt að 50% afsláttur

Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%
Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%
Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%
Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%
Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%
ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%
Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%

... auk hundruð annarra útsölutilboða

**35% afsláttur**

WOLF Garten

**21.995 kr**

~~33.995~~ kr

**Rafmagnssláttuvél** A340E
1400W, sláttubreidd 34 cm, safnari 30 ltr., 5 hæðarstillingar 2-6 cm.
5085168

**25% afsláttur**

Frábært í ferðalagið og heima

Broil King

**27.338 kr**

~~36.450~~ kr

**Gasgrill Porta Chef 120**
Brennari 4,1 kW, postulín húðuð grillgrind, grillflötur: 46x31 cm.
3000612

**25% afsláttur**

Broil King

**46.492 kr**

~~61.990~~ kr

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000317

IKRA mogatec

**25% afsláttur**

**11.995 kr**

~~15.995~~ kr

**Orf IBT 25-1**
IKRA orf með tvígengismótor, 25.0cc/0,8kW.
5086620

Hekkklippur og orf saman í setti ásamt rafhlöðu

**30% afsláttur**

TEXAS

**15.995 kr**

~~22.995~~ kr

**Hekkklippur og orf 18V**
50 cm lengd á hekkklippum, klippigeta 15 mm. 25 cm sláttubreidd, hleðslutæki fylgir.
5083640

**30% afsláttur**

BLACK+DECKER

**14.995 kr**

~~21.498~~ kr

**Rafmagnskeðjusög**
1800W, 35 cm blað, hraði keðju 13,5 m/s.
5083681

**50% afsláttur**

**Sólboði**

**890 kr**

~~1.790~~ kr

**50% afsláttur**

**Margarita**

**990 kr**

~~1.990~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Lögmaður slapp naumlega við réttarfarssekt fyrir gífuryrði

**DÓMSMÁL** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur átaldi lögmann Þingvallaleiðar ehf., Benedikt Egil Árnason, fyrir ósæmileg gífuryrði í garð gagnaðila síns í úrskurði um lögbannskröfu í vikunni. Lögmaðurinn vísaði til nokkurra ferðaþjónustufyrirtækja sem hústökuaðila í húsnæði sem þau hafa á leigu.

Ágreiningurinn sem varð tilefni málaferlanna varðar húsnæði sem Þingvallaleið og einn varnaraðila málsins eiga í óskiptri sameign og starfsemi leigjenda þeirrar sameignar, sem einnig eru ferðaþjónustufyrirtæki. Þingvallaleið krafðist lögbanns á starfsemi leigjendanna í sameigninni en kröfunni var synjað af sýslumanni og var sú synjun kærð til héraðsdóms. Í greinargerð sinni vísaði lögmaðurinn til leigjendanna sem hústökuaðila og gerði lögmaður umræddra fyrirtækja alvarlegar athugasemdir við „ósæmilega orðanotkun" lögmannsins. Fram kemur í úrskurðinum að Benedikt hafi ekki séð ástæðu til að biðjast afsökunar eða draga orð sín til baka og sá dómarinn ástæðu til að átelja lögmanninn fyrir háttsemi hans. Vísað er til siðareglna lögmanna og áréttað að orðanotkunin uppfylli tæpast skyldur lögmanns til að sýna gagnaðilum sínum tilhlýðilega virðingu.

**» Lögmaðurinn vísaði til nokkurra ferðaþjónustufyrirtækja í leiguhúsnæði sem hústökuaðila**

„Þá verður að telja að slíkt orðfæri sé með öllu ónauðsynlegt til að koma málstað sóknaraðila sem best til skila og gífuryrði almennt fremur fallin til hins gagnstæða. Þá verður í ljósi framangreinds ekki séð hvers vegna lögmaður getur ekki sinnt afsökunarbeiðni ef sýnt er að gagnaðila eða lögmanni er greinilega misboðið," segir í úrskurðinum, en jafnframt tekið fram að orðanotkunin sé þó ekki svo ósæmileg að Þingvallaleið ehf. eða lögmaður félagsins verðskuldi réttarfarssekt vegna hennar. **– aá**



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þriðjungur ökumanna í bílastæðaleit

**REYKJAVÍK** „Þessi svokallaða stýring bílastæða virðist ganga út frá því að draga enn frekar úr möguleikum íbúa og gesta á að sækja inn í kjarna höfuðborgarinnar, segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB um fyrirhugaða lengingu á gjaldtökutíma bílastæða í miðborginni.

Skipulags- og samgönguráð borgarinnar vísaði nýverið tillögu stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum til samgöngustjóra og umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar, til nánari meðferðar. Tillagan lýtur meðal annars að því að lengja gjaldtökutíma á ákveðnum svæðum, taka upp gjaldskyldu á sunnudögum, hækka bílastæðagjald á tilteknum svæðum og lækka annars staðar.

„Á undanförnum árum hefur bílastæðum í miðborginni fækkað verulega, og á sama tíma hefur orðið sprenging í fjölda ökutækja í höfuðborginni meðfram þeirri ferðamannaöldu sem hefur gengið yfir síðustu ár. Því hefur ekki verið mætt með auknu framboði heldur frekari þrengingu," segir Runólfur og vitnar í þá ályktun stýrihópsins að 30 prósent umferðar í miðborginni stafi af ökumönnum í leit að bílastæðum og bendir á að viðamiklar framkvæmdir í miðborginni hjálpi ekki heldur. **– pk**

# Ekki uppskrift að bjartsýni í laxveiði segir fiskifræðingur

**Guðni Guðbergsson fiskifræðingur segir það munu skýrast fljótlega hvort rætist úr sumrinu í laxveiðinni sem hefur verið mjög léleg á Vesturlandi og Norðvesturlandi. Þurrkatíð ofan á lélegan árgang sem gengið hafi til sjávar í fyrra gefi ekki tilefni til bjartsýni. Endurheimtuhlutfall seiða úr sjó fari lækkandi.**

**UMHVERFISMÁL** „Eftir tíu daga geta menn séð framan í hvernig sumarið endar," segir Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, um stöðuna á laxveiðinni sem hefur verið afar lítil það sem ef er sumri.

Í ám vestanlands og á Norðvesturlandi hefur veiðst margfalt minna en á sama tíma í fyrra. Miðað við tölur sem voru tiltækar í gær um landaðan lax á vef Landssambands veiðifélaga, angling.is, höfðu til dæmis veiðst tífalt færri fiskar í Norðurá í Borgarfirði 3. júlí síðastliðinn heldur en reyndin var 4. júlí fyrir ári; 55 laxar í ár á móti 557 í fyrra. Var þá búið að vera að í Norðurá í mánuð og er veitt á fimmtán stangir. Í Þverá/Kjarrá var veiðin nífalt minni en í fyrra og í Grímsá var hún ríflega þriðjungur á við í fyrra.



Í Elliðánum hafði veiðst 81 lax um miðja síðustu viku en 228 laxar veiddust á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjar veiðitölur verða birtar í dag en ef marka má Guðna eru ekki líkur á að veiðin hafi tekið kipp.

„Ef það hefði verið eitthvað sem menn hefðu tekið verulega eftir þá væru menn búnir að koma því ansi vel til skila. Og teljararnir okkar eru ekki að taka nein stökk," segir fiskifræðingurinn.

„Það ætti að vera kominn smálax og það er yfirleitt þannig að þegar þeir eru margir þá koma þeir fyrr. Ofan á það áttum við ekkert von á mjög sterkum laxagöngum á Suðvesturlandi, þar er þetta vatnsleysi og hiti. Þannig að það er ekki bara það að fiskarnir eru fáir heldur eru aðstæðurnar líka slæmar," segir Guðni.

Nánar útskýrir Guðni að sá árgangur sem átti að standa undir smálaxagengdinni núna, klakárgangurinn 2015, afkomendur laxanna sem hrygndu 2014, hafi ekki verið stór. Því hafi ekki verið von á sterkum göngum til sjávar. Til viðbótar hafi vorið í fyrra verið kalt og það hafi áhrif á afkomuna.

**Þannig að það voru fá seiði og kalt vor og svo fáum við þurrkatíma núna. Það er uppskrift að því að við getum ekki verið neitt voðalega bjartsýn.**

Guðni Guðbergsson fiskifræðingur



„Þannig að það voru fá seiði og kalt vor og svo fáum við þurrkatíma núna. Það er uppskrift að því að við getum ekki verið neitt voðalega bjartsýn," segir Guðni.

Staðan er þó önnur á Norðausturlandi, eins og í Þistilfirði og Vopnafirði. Þar sé ekki von á miklu af stórlaxi í sumar en sæmileg útganga hafi verið í fyrra af meira en einum árgangi af smálaxi. Aðstæður þar hafi einnig verið góðar.

„Þannig að ég held alveg í vonina með það enn þá að það eigi eftir að koma alveg þokkalegur smálax þar inn," segir Guðni.

Þessu til viðbótar bendir Guðni á að til lengri tíma litið hafi endurheimtuhlutfall seiða úr sjó farið lækkandi við Norður-Atlantshaf á seinni árum.

„Það er hlutur sem veldur manni áhyggjum og það munar mjög miklu hvort það er eitt af hverjum fimm seiðum sem er að koma til baka eða eitt af hverjum tuttugu," segir Guðni.

Til að hafa áhrif á þróunina geta menn að sögn Guðna gætt þess að veiða ekki of mikið og passað upp á að árnar fóstri eins mörg seiði og þær geti framfleytt.

„Ég held að það sé alveg ljóst að það að veiða og sleppa hefur haft jákvæð áhrif á seiðaframleiðslu og aukinn seiðafjöldi hefur verið að vega á móti lægri endurheimtum."

Aðspurður segir Guðni að ef rigningatíð gengi í garð þá myndi það hressa upp á veiðina; vaxa myndi í ám og laxar sem bíða úti fyrir ósum þeirra myndu þá frekar ganga upp. Örvænting sé að minnsta kosti ekki hugtakið fyrir veiðimenn:

„Í veiðiskap gengur þetta upp og ofan." **gar@frettabladid.is**





ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Jeep® THERE'S ONLY ONE

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm.** 29.990




**Verðdæmi 80x80 cm.** 45.650




**Laus svunta**




**Verðdæmi 70x70 cm.** 36.900




**Verðdæmi 80x80 cm.** 34.800




**Verðdæmi 80x80 cm.** 40.300

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm.** 28.243

## Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

# Ummælin til marks um slæma samvisku

**UTANRÍKISMÁL** Málflutningur utanríkisráðherra Filippseyja er ekki svaraverður. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Filippseyingurinn, Teodoro Locsin yngri, sagði á Twitter á þriðjudaginn að ef tillaga, sem Ísland lagði fram í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna fyrir viku, verði samþykkt myndi það þýða veglega bónusa frá eiturlyfjabarónum handa aðstandendum tillögunnar.

„Þessi fullyrðing er ekki svaraverð enda virðist hún fyrst og fremst til marks um slæma samvisku stjórnvalda á Filippseyjum vegna þessa máls,“ segir Guðlaugur Þór um málið.

Ítrekað og ítarlega hefur verið fjallað um herferð stjórnvalda á Filippseyjum gegn fíkniefnum þar í landi. Í tillögunni er til þess ætlast að Filippseyingar „geri allt sem í valdi þeirra stendur til að fyrirbyggja aftökur án dóms og laga og mannshvörf“. **– þea**










**Hleðslustöðvar eru liður í að vera í fararbroddi þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eigandi Hlöðu ráðinn sem ráðgjafi hjá ON

**Orka náttúrunnar réð framkvæmdastjóra og eiganda fyrirtækis sem selur hleðslustöðvar sem ráðgjafa og tæknistjóra hleðslustöðva. Ákvörðun var tekin af ON segir framkvæmdastjórinn. Hann hafi hins vegar aðeins sinnt viðhaldi.**

**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar réð framkvæmdastjóra og eiganda fyrirtækis sem selur hleðslustöðvar sem ráðgjafa um hleðslustöðvar. Ólafur Davíð Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hleðslu ehf., einnig þekkt sem Hlaða, er skráður sem eigandi að fimmtán prósentum í fyrirtækinu.

ON er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, sem er að stærstum hluta í eigu Reykjavíkurborgar, sér um að reka og þjónusta hleðslustöðvar við þjóðvegi landsins ásamt því að veita ráðgjöf bæði á sviði hleðslulausna fyrir fyrirtæki og fjölbýlishús. Hleðsla ehf. er seljandi hleðslustöðva og hefur sett upp stöðvar fyrir fyrirtæki og býður þjónustu til að rafvæða bílastæði fjölbýlishúsa.

„Það er rétt að ég er framkvæmdastjóri Hlöðu og ég vinn sem verktaki hjá Orku náttúrunnar, sem tæknistjóri hleðslustöðva. Ég kem ekkert nálægt nýjum málum, nýjum uppsetningum eða slíku, nema þá í tæknilegum hluta að klára þau mál. Ég kem ekki nálægt innkaupum. Ég hef heldur aldrei talað um búnað,“ segir Ólafur Davíð.

> **Ég kem ekkert nálægt nýjum málum, nýjum uppsetningum eða slíku, nema þá í tæknilegum hluta að klára þau mál. Ég kem ekki nálægt innkaupum. Ég hef heldur aldrei talað um búnað.**
>
> Ólafur Davíð Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hlöðu og verktaki ON

Vegir Hlaða og ON hafa legið saman nokkrum sinnum á undanförnum vikum. Á fræðslufundi hjá bílaumboði í maí var auglýst að þar væru sérfræðingar frá bæði ON og Hlöðu, á sama fundi undirritaði Ólafur Davíð samstarfssamning við umboðið fyrir hönd ON. Ólafur Davíð var titlaður tæknistjóri hlaða hjá ON, því var breytt fyrir skömmu yfir í ráðgjafi í hlöðum á einstaklingsmarkaði.

Keppinautar Hleðslu sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að það skjóti mjög skökku við að framkvæmdastjóri og eigandi keppinautar starfi einnig hjá opinberu fyrirtæki sem veiti ráðgjöf og vinni við uppbyggingu innviða fyrir rafbíla.

Ólafur Davíð segir að hann hafi aldrei misnotað aðstöðu sína í störfum fyrir ON, en hann hefur starfað þar síðustu þrjá mánuði. Það hafi verið ON sem leitaði til hans um að taka að sér þetta starf á meðan annar starfsmaður væri frá.

Gögn sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að Orkuveitan vissi af þessum hagsmunaárekstri og að kurr sé meðal annarra fyrirtækja vegna málsins.

Ekki náðist í Berglindi Rán Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra ON, við vinnslu fréttarinnar.

ON hefur ekki svarað fyrirspurn Fréttablaðsins um hversu margar hleðslustöðvar fyrirtækið hafi keypt af Hleðslu ehf. Upplýsingafulltrúi ON sagði að það gæti tekið langan tíma að taka upplýsingarnar saman.

# Fjórtán ára dómur fyrir þungarokk

**ÍRAN** Meðlimir þungarokkshljómsveitarinnar Confess frá Íran hafa verið dæmdir í samtals fjórtán og hálfs árs fangelsi í heimalandinu fyrir guðlast, áróður gegn ríkinu, rekstur ólöglegrar undirheimahljómsveitar, viðtöl við bannaðar útvarpsstöðvar og að spila tónlist sem er álitin satanísk. Þeir voru sömuleiðis dæmdir til að þola tugi svipuhögga. Frá þessu var greint á fréttasíðunni Metal Injection.

> **Þungarokkararnir flúðu til Tyrklands og þaðan til Noregs þar sem þeim var sleppt gegn tryggingu.**

Hljómsveitarmeðlimir voru fyrst handteknir árið 2015 og sátu í einangrun í þrjá mánuði þar til þeim var sleppt gegn tryggingu. Í kjölfarið flúðu þeir til Tyrklands og þaðan til Noregs þar sem þeir fengu hæli.

„Eftir að við gáfum út nýtt lag og ég rauf þögn mína í Tyrklandi árið 2018 stigu fram ýmis samtök sem styðja listamenn. Stuttu síðar var mér boðið að koma til Noregs sem pólitískur flóttamaður. Eftir að Arash fór fyrir áfrýjunardómstól og komst að því að sækjendur höfðu breytt játningum okkar og falsað undirskrift mína bað hann um hjálp mína,“ sagði Khosravi sem bætti við að hann hefði í kjölfarið hjálpað Ilkhani að komast til Noregs. **– þea**



# Snjallvæðing eldri borgara

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, starfandi borgarstjóri, kenndi eldri borgurum á snjallforrit sem fylgir menningarkortum borgarinnar. Lærdómsfúsir borgarar sýndu mikinn áhuga á hinni nýju tækni. Stefán Karlsson ljósmyndari fangaði stemninguna.








# SUMARTILBOÐ!

## DAGANA 11.-15. JÚLÍ

**Cross hjólin í Hagkaup eru gæðahjól sem framleidd hafa verið í Evrópu síðan 1995. Hjólin eru vel þekkt og vinsæl í Evrópu fyrir fallega hönnun og mikil gæði. Sérstaða hjólanna, ásamt hönnun og gæðasmíði, er að í hjólin eru notaðir íhlutir frá þekktum merkjum í hjólaiðnaðinum eins og t.d.:**

**SHIMANO, SRAM, SCHWALBE, KENDA, SELLE ITALIA**

**Við vitum það að með Cross hjólum er fjölskyldan að eignast gæðahjól á frábæru verði.**

ÞÚ SPARAR 15.000



### 28” Arena

Stell: 460mm og 500 mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40. Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo.

vnr. 955100, 955101

**64.999 kr**

verð áður 79.999

ÞÚ SPARAR 15.000



### 28” Areal

Stell: 520mm og 560mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40 Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955097, 955098

**64.999 kr**

verð áður 79.999

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.
Sumartilboð gildir aðeins á völdum vörum

ÞÚ SPARAR 20.000



### 28” Ultra Tonus

Stell: 460mm Super Light Alloy stell. Gírbúnaður: 7 gíra Shimano Bremsur: V-bremsur. Dekk/gjarðir: Trayal 700x40. Double-Wall ál gjarðir. Annað: Innbrenndur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, karfa.

vnr 1120674

**29.999 kr**

verð áður 49.999

ÞÚ SPARAR 20.000



### 29” GRX 9

Stell: 510mm Light Alloy 6061. Gírbúnaður: Shimano Tourney 21. gíra. Bremsur: Diskar Shimano vökvabremsur. Dekk/gjarðir: Kenda dekk 29x2,1. CRX double lite alloy gjarðir. Demparar: Suntour að framan. Annað: Glitaugu að framan og aftan

vnr. 1100691

**79.999 kr**

verð áður 99.999 kr

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Auglýsing um skráningu og próf til viðurkenningar **bókara**

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2019 sem hér segir:

- **Prófhluti I:** Reikningshald og upplýsingatækni 10. október 2019 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. október 2019.
- **Prófhluti II:** Skattskil 21. nóvember 2019 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 7. nóvember 2019.
- **Prófhluti III:** Raunhæft verkefni 14. desember 2019 – prófið hefst kl. 12 og stendur til kl. 17. Eindagi greiðslu prófgjalds er 2. desember 2019.

Skráningu í öll próf fer fram samtímis (allir prófhlutar) og lýkur þann 9. september 2019. Skiptir ekki máli hvort próftaki ætlar að taka eitt próf eða öll. Ekki er hægt að skrá sig í próf eftir að skráningarfresti lýkur. Próftakar bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í próf.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara og til prófefnislýsingar prófnefndar viðurkenndra bókara. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstökum prófum. Prófefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar viðurkenndra bókara á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/vidurkenndir-bokarar/

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Lágmarkseinkunn til að standast einstaka prófhluta er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlutum.

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 37.500. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf. Ef próftökugjald er ekki greitt á eindaga þá fellur niður próftökuréttur.

Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftaki sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir próftakar skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna www.promennt.is

Reykjavík, 9. júlí 2019
Prófnefnd viðurkenndra bókara

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið









**Ólafur Sigurðsson er framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segir of fáa nýta sér séreignarsparnað

**Um 60 prósent launþega greiða í séreignarsparnað og hefur hlutfallið lítið breyst síðasta áratug. Framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs segir það vekja sérstaka athygli hversu fáir nýta sér heimild til að greiða inn á húsnæðislán.**

Of fáir eru að nýta séreignarsparnað, að mati Ólafs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Frá árinu 2009 hefur hlutfallið verið um 60 prósent launþega. Einungis 20 prósent þeirra sem greiða í séreignarsparnað nýta heimild til að greiða af húsnæðisláni eða safna fyrir útborgun. Hann slær þann varnagla að mögulega hafi fjöldi erlends vinnuafls áhrif á hlutfall þeirra sem greiða í séreignarsparnað.

„Það vekur sérstaka athygli hve fáir nýta sér heimild til að greiða séreignarsparnað inn á húsnæðislán. Það er mikil kjarabót því launþegar fá viðbótarframlag frá vinnuveitanda og sparnaðurinn fer skattfrjálst inn á höfuðstól lánsins. Það má því líta á úrræðið sem launahækkun," segir hann. Greiddur er skattur af lífeyrissparnaði við útgreiðslu.

Séreignarsparnaður er viðbótarlífeyrissparnaður og séreign viðkomandi. Launþegar leggja fyrir tvö til fjögur prósent af launum sínum og fá tveggja prósenta viðbótarframlag frá vinnuveitanda.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra nýta nú um 30 þúsund manns heimild til að greiða inn á húsnæðislán eða safna fyrir útborgun með séreignarsparnaði. Þar af eru um 23 til 26 þúsund einstaklingar sem nýta leiðina til að greiða inn á húsnæðislán en hinir eru að safna fyrir útborgun til íbúðarkaupa. Miðað við það nýta einungis um 15 prósent fólks á vinnumarkaði þessa leið.

> **23-26**
> *þúsund einstaklingar nýta sér heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði sínum inn á húsnæðislán.*

Frá árinu 2014 höfðu tæplega 56 þúsund einstaklingar einhvern tímann ráðstafað séreignarsparnaði inn á húsnæðislán, samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

Ólafur segir að um 120 þúsund einstaklingar greiði í séreign. Um 20 prósent þeirra nýta heimild til að greiða inn á fasteignalán en miðað við það hefur hlutfallið verið tæplega 50 prósent þegar best lét. Samkvæmt greinargerð með lagafrumvarpi sem á að framlengja úrræðið til ársins 2021 hafa Íslendingar nýtt 56 milljarða af séreignarsparnaði sínum til að greiða niður höfuðstól húsnæðislána sinna frá árinu 2014.

Fram kom í skýrslu forsætisráðuneytisins um höfuðstólslækkun húsnæðislána sem birt var árið 2013 að tekjur þeirra sem spara í séreignarlífeyrissparnaði væru mun hærri en hinna sem gerðu það ekki. „Tæplega 60 prósent þeirra sem ekki spara eru einhleypir meðan hlutfall einhleypra fasteignaeigenda í hópi þeirra sem spara er 30 prósent," segir í skýrslunni.

Ríkisskattstjóri hafði ekki til reiðu upplýsingar um hvaða tekjubil það sé sem nýti í minnstum mæli þann möguleika að greiða inn á húsnæðislán. Ólafur segir að skynsamlegt sé fyrir alla aldurshópa að greiða inn á lán eða nýta sér úrræðið til að safna fyrir innborgun á heimilið.

Ríkisstjórnin ákvað að framlengja heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði á húsnæðislán til ársins 2021. Ólafur bendir á að þeir sem vilja nýta úrræðið áfram verði sjálfir að sækja um það. „Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að gera það fyrir sjóðfélaga," segir hann.

Í ljósi þess hve lágt hlutfall launamanna safnar séreignarsparnaði vekur Ólafur athygli á að mikið framboð sé af sparnaðarleiðum. „Í boði er að greiða í 74 mismunandi séreignarleiðir hjá 20 vörsluaðilum. Hver og einn ætti að geta valið sér sparnaðarleið sem hentar," segir hann. **helgivifill@frettabladid.is**

# Jáverk hagnast um 550 milljónir króna

Verktakafyrirtækið Jáverk hagnaðist um 551 milljón króna á síðasta ári samanborið við 533 milljónir króna árið 2017. Eigið fé félagsins nemur tæplega 1,9 milljörðum króna.

Tekjur Jáverks námu 5.196 milljónum króna og drógust saman um rúm tvö prósent. Rekstrargjöld drógust saman um þrjú prósent og námu 4.523 milljónum króna. Þá var fjöldi ársverka 77 samanborið við 80 á árinu 2017

Á síðasta ári lauk Jáverk við stórfellda uppbyggingu fyrir Bláa lónið sem fól í sér byggingu hágæðaheilsulindar, stækkun lónsins og byggingu lúxushótels. Nýlega var greint frá því að verktakafyrirtækið myndi sjá um byggingu á 72 íbúðum í Árskógum í Mjóddinni fyrir húsnæðissamvinnufélagið Búseta.

Jáverk hefur skilað hagnaði öll ár frá stofnun fyrir utan eitt en fyrirtækið er á 28. starfsári. Gylfi Gíslason er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og jafnframt annar eigandi þess. **– tfh**



**Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri og eigandi Jáverks.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**VW Golf Variant Trendline**
Nýskr. 05/16, ekinn 88 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**RENAULT Clio Zen**
Nýskr. 11/17, ekinn 17 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**HYUNDAI Tucson Style**
Nýskr. 02/16, ekinn 113 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 75 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 62 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 05/17, ekinn 78 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**4.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**NISSAN Juke Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 54 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**HYUNDAI i30 Classic**
Nýskr. 04/15, ekinn 60 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.790.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.290.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM94842

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

# Bæta þurfi skilyrði til barneigna

Lengja þarf fæðingarorlof, hækka hámarksgreiðslur og lækka leikskólaaldur vilji yfirvöld hækka fæðingartíðni á Íslandi. Fæðingartíðni er í sögulegu lágmarki á Íslandi en telst þó með hærra móti miðað við önnur ríki í Evrópu.

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is
Birna Dröfn Jónasdóttir
lovisaa@frettabladid.is

Fæðingartíðnin hér á landi er nú í sögulegu lágmarki en hún er nú á milli 1,7 og 1,8 börn á ævi hverrar konu. Hún hefur yfirleitt verið há á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd, eða í kringum tvö börn á hverja konu frá því upp úr 1980,“ segir Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í félagssögu á menntavísindasviði Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir að það megi í þessu samhengi þó ekki gleyma því að ástæðan fyrir því að íbúum hefur ekki fækkað, þrátt fyrir að fæðingartíðni hafi lækkað, sé að fólk lifir miklu lengur í dag en áður. Lífslíkur eru með þeim hæstu hér á landi. Árið 2018 var meðalævilengd karla 81,0 ár og meðalævilengd kvenna 84,1 ár á Íslandi.

Hún segir að með tilliti til, sem dæmi, framleiðni sé það vissulega ókostur. Með því að reikna framfærsluhlutfall [e. Dependecy ratio] sé hægt að sjá hversu margir aldraðir og börn eru að baki hverjum vinnandi einstaklingi. Hlutfallið fæst með því að reikna hlutfall fólks á eftirlaunaaldri plús börn af öllum vinnandi. Hér á Íslandi er hlutfallið 0,649. Sé hlutfallið 1 þýðir það að jafnmörg eru ekki vinnandi og þau sem eru vinnandi.

Ólöf segir að ef litið er á fæðingartíðni með tilliti til þeirra lífsgæða sem við lifum við og framleiðni í samfélaginu þá sé mögulega tilefni til að hafa áhyggjur af lækkandi fæðingartíðni. Spurð hvort innflutningur á fólki myndi leysa vandann segir Ólöf að í mörgum Evrópulöndum grundvallist hagvöxtur að verulegu leyti á aðfluttu vinnuafli. Þetta eigi augljóslega við um Ísland um þessar mundir. Það sé þó mikill misskilningur að fæðingartíðni hækki við það að innflytjendum fjölgi, það er fólki ekki endilega ofarlega í huga að bæta við sig barni þegar það flytji búferlum milli landa. Hér á landi eru flestir innflytjendur frá austanverðri Evrópu þar sem fæðingartíðnin sé mun lægri en hér á landi, innflytjendur hér á landi eignast þannig mun færri börn en Íslendingar.

Hún segir að það sem myndi helst leiða til hækkaðrar fæðingartíðni, hér á landi, miðað við reynslu annarra landa, væri að hækka aftur fæðingarorlofsþakið og að lengja fæðingarorlofið og leitast við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Hámarksgreiðsla í fæðingarorlofi var lækkuð verulega í kjölfar efnahagshrunsins 2008 en hefur nú verið hækkuð og stendur núna í 600 þúsund krónum. Fæðingarorlof er alls níu mánuðir, en félags- og barnamálaráðherra tilkynnti fyrr á árinu að það yrði tíu mánuðir um næstu áramót.

Ólöf segir að greiðsluhámarkið geti skipt sköpum fyrir fólk. Sérstaklega þegar litið er til þess að fólk eignast almennt börn seinna um ævina og sé þá að eignast börn í miðjum starfsframa. Þá finnist því síður eins og það geti lækkað ráðstöfunartekjur. Heildarlaun voru að meðaltali 721 þúsund árið 2018. Miðgildi var 632 þúsund og algengustu mánaðarlaun voru 550 til 600 þúsund í fyrra.

Ólöf segir að þrátt fyrir að fæðingartíðni hafi lækkað hérlendis þá sé hún þó enn há í samanburði við fæðingartíðni annars staðar í Evrópu. Hún hafi lengi verið mjög lág í mörgum löndum í Evrópu og nefnir sem dæmi Þýskaland. Þar hafi fæðingartíðni dottið niður í 1,3 börn á ævi hverrar konur í kringum 1970. Það er áhugavert að þar hækkaði fæðingartíðnin fyrir nokkrum árum þegar Þjóðverjar breyttu fæðingarorlofslöggjöfinni að norrænni fyrirmynd. Á Portúgal, Spáni og Ítalíu sé hún afar lág, á bilinu 1,2-1,3 og hafi verið þar síðan 1990.

„Það er auðvitað engan veginn nóg til að viðhalda mannfjöldanum. Þar hefur ævilengdin líka lengst þannig að sum þessara landa eru í talsvert miklum erfiðleikum,“ segir Ólöf.

### Fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu

| | |
|---|---|
| Rík lönd að meðaltali | 1,6 |
| Meðaltekjulönd að meðaltali | 2,3 |
| Minna þróuð lönd | 2,6 |
| Minnst þróuðu löndin | 4,0 |

**Lægsta tíðni barneigna**

| | |
|---|---|
| Suður-Kórea | 1,1 |
| Púertó Ríkó | 1,22 |
| Singapore | 1,2 |
| Grikkland | 1,3 |
| Spánn | 1,33 |

**Hæsta tíðni barneigna**

| | |
|---|---|
| Kongó | 5,9 |
| Malí | 5,9 |
| Angóla | 5,5 |
| Nígería | 5,4 |

**4,5**

**Meðalaldur kvenna við fæðingu fyrsta barns hefur hækkað um 4,5 ár á 30 árum.**

| | |
|---|---|
| 2018 | 28,2 ár |
| 2008 | 26,4 ár |
| 1998 | 25,1 ár |
| 1988 | 23,7 ár |

### Ástæður fyrir lækkandi fæðingartíðni

- Konur eru eldri þegar þær eignast fyrsta barn.
- Hærra menntunarstig kvenna og meiri atvinnuþátttaka.
- Húsnæðisvandi ungs fólks – býr lengur í foreldrahúsum.

**Hvað er fæðingartíðni**

- Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið.

**Meðalævilengd**

- Árið 2018 var meðalævilengd karla 81,0 ár og meðalævilengd kvenna 84,1 ár á Íslandi. Frá árinu 1988 hafa karlar bætt við sig rúmlega sex árum og konur rúmlega fjórum í meðalævilengd.

### Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu




- Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið.

- Árið 2018 var frjósemi íslenskra kvenna 1,707 börn á ævi hverrar konu og hefur hún aldrei verið lægri frá því að mælingar hófust árið 1853. Árið 2017 var frjósemi 1,710 en það er næstlægsta frjósemi sem mælst hefur hér á landi.

## Öldrun þjóðarinnar úrlausnarefni

Nýlega birti Hagstofan tölur um meðalævilengd Íslendinga og fer hún sífellt hækkandi. Árið 2018 var meðalævilengd íslenskra karla 81 ár en kvenna rúmlega 84 sem er með því hæsta í Evrópu. Á síðustu 40 árum hefur meðalævilengdin hækkað um 10 ár. Á sama tíma hefur frjósemi lækkað skarpt, úr 2,9 börnum á hverja konu í 1,7. Gefur því augaleið að þjóðin eldist hratt með tilheyrandi vandamálum.

„Við erum ekki enn komin í vandræði út af þessu,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna og öldrunarlæknir, í samtali við Fréttablaðið. „Við erum svo lánsöm að hafa lífeyriskerfi sem er að stærstum hluta fjármagnað af sparnaði einstaklinganna sjálfra. Þess vegna erum við ekki með alveg sömu vandamál og þar sem lífeyriskerfið er fjármagnað með öðrum hætti.“

Það sem lendir á okkur er hins vegar að fjármagna heilbrigðisþjónustu fyrir þjóðina sem verður sífellt eldri. Bæði spítalaþjónustu og fjölgun hjúkrunarrýma.

„Eldra fólk er samt heilsuhraustara en áður,“ segir Ólafur. „Þau krónísku heilsufarsvandamál sem fylgja öldrun byrja nú seinna en áður. En fjöldinn sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda mun samt aukast. Árið 2060 munu verða á þriðja tug þúsunda yfir 85 ára aldri.“

Lífeyrismálin hafa einnig verið til umræðu og nefnir þingmaðurinn Óli Björn Kárason vandann „tifandi tímasprengju“. Ólafur vill ekki ganga svo langt.

„Þetta er alveg klárlega úrlausnarefni sem við þurfum að finna lausn við. Umræðan um að seinka lífeyristökualdrinum handvirkt var rædd í þingnefnd fyrir nokkrum árum en umræðan hefur ekki verið í gangi síðan. Þessi frétt Hagstofunnar er áminning til okkar um að við þurfum að hugsa um þessi mál,“ segir Ólafur.

Nefnir hann að ein leiðin gæti verið að dreifa lífeyristökualdrinum og það sé þegar hafið að einhverju leyti. Lausnin gæti verið að sumir taki lífeyri 65 ára eða yngri en aðrir jafnvel ekki fyrr en um 75 ára aldurinn. 67 ára viðmiðið hafi verið sett þegar fólk lifði skemur og var heilsuveilla en nú.

Nokkrar leiðir til að rétta hlutfallið af hafa verið nefndar. Ein er innflutningur vinnuafls og tekur Ólafur undir að hann sé nauðsynlegur í sumum geirum. Önnur er stytting menntunar en Ólafur telur hana ekki rétta. Frekar ætti að auka við endurmenntun og sveigjanleika.

En hvað getum við gert til að fjölga barneignum?

„Til dæmis lengja fæðingarorlofið sem við höfum verið að gera. Einnig að brúa umönnunarbilið frá lokum fæðingarorlofs til leikskóla og gera fólki kleift að sinna börnum, til dæmis þegar þau eru veik. Allt hefur þetta áhrif.“

**Við erum ekki enn komin í vandræði út af þessu.**



Ólafur Þór Gunnarsson öldrunarlæknir

# PIER

## LOKADAGAR RÝMINGARSÖLU
# 70%
## AFSLÁTTUR Á SMÁRATORGI

**20%**
AFSLÁTTUR AF KÖRFUSTÓLUM







**NAVITA** körfustóll. ~~69.900 kr.~~ Nú 55.920 kr.

**NID** körfustóll. ~~59.900 kr.~~ Nú 47.920 kr.

**PAVONE** körfustóll. ~~29.900 kr.~~ Nú 23.920 kr.

**20-70%**
AF STYTTUM



**BÚDDA** stytta.H93 cm.
~~14.990 kr.~~ Nú 11.992 kr.

**30%**
AF BLÓMA-POTTUM



**DEMIPE** pottar. 3 stærðir.
VERÐ FRÁ ~~2.990 kr.~~ Nú 2.093 kr.

**30%**
AF ÖLLUM BLÓMUM



**GERVIBLÓM** hvítt.
~~1.990 kr.~~ Nú 1.393 kr.

**30%**
AF TEPPUM



**CORA** teppi. 100% bómull.
130x150 cm. ~~3.990 kr.~~ Nú 2.793 kr.

**30%**
AF ÖLLUM ILMUM



**AROMA** ilmkerti og ilmir.
VERÐ FRÁ ~~390 kr.~~ Nú 273 kr.

**50%**
AF HENGI-RÚMI



**HENGIRÚM.**
~~12.990 kr.~~ Nú 6.495 kr.

A WORLD OF INSPIRATION · PIER · BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 11. júlí - 17. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

| SMÁRATORG | KORPUTORG | SELFOSS |
|---|---|---|
| LAU 10-18 | LAU 12-18 | LAU 10-18 |
| SUN 12-18 | SUN 12-18 | SUN 12-18 |
| VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 |

# Frjósemi kvenna og fæðingartíðni

Það er talsverð umræða um það í vestrænum heimi að samsetning þjóða er að breytast, fjölgun aldraðra er þar hluti af því sem nefnt er og lækkandi fæðingartíðni kvenna almennt. Slíkt hið sama á einnig við á Íslandi. Frjósemi er mæld sem fjöldi lifandi fæddra barna á æviskeiði konu og er talið að sú tala þurfi að vera í kringum 2,1 til að viðhalda mannfjölda og samsetningu þjóðar. Íslendingar hafa löngum státað af einni hæstu tíðni í Evrópu en það er að breytast og árið 2018 var sögulega lægsta fæðingartíðni frá upphafi mælinga árið 1853 eða 1,7. Meðalaldur mæðra hefur einnig hækkað og er hvort tveggja áhyggjuefni víðar en hérlendis.

Þær vangaveltur sem hafa komið fram sem skýra eiga þessar breytingar eru vissulega að stóru leyti tengdar samfélagsgerð. Mikil breyting hefur orðið á umhverfi kvenna og karla auðvitað á síðastliðnum áratugum í þessa veru, bæði hafa samfélög líkt og okkar aukið samtryggingu og er það síður nauðsynlegt að treysta á fjölskyldu í starfi, leik, veikindum og umönnun aldraðra. Aukin menntun kvenna, þátttaka í atvinnulífinu og breytingar í aldri einstaklinga þegar þeir taka sig saman um að stofna fjölskyldu eru líka skýringar. Almennt má segja að við séum eldri en áður þegar slíkar ákvarðanir eru teknar og með auknum aldri fylgir minni frjósemi almennt.

Möguleikar á barneignum og stuðningi eru með því besta sem gerist í heiminum á Íslandi, það má þó alltaf gera betur og eru þættir eins og fæðingarorlof, aðgengi að leikskóla, búsetuúrræði og stuðningur í veikindum barna gagnvart atvinnuveitendum mjög stórir þættir í ákvörðunartöku. Víða erlendis eru þjóðir að gera breytingar og reyna að hífa upp frjósemistölur með því að bjóða t.d. ókeypis leikskólapláss, niðurgreiðslur hvers konar á þjónustu og búsetu, sums staðar eru greiddar þóknanir fyrir að eiga fleiri börn svo dæmi séu tekin. Í Singapúr er lægsta fæðingartíðni í heimi og þar minnir ríkið þegna sína á skyldur sínar innan sem utan svefnherbergis. Danir kenna ekki bara kynfræðslu til að forðast að eignast börn heldur hvernig skuli eignast þau. Japanska ríkið stendur fyrir stefnumótanálgun fyrir pör og ýtir undir barneignir, meira að segja Kínverjar hafa aflétt banni við eins barns reglu en gengur brösuglega að hækka frjósemistölur.

Þessi hluti vandans er fyrst og fremst samfélagslegur og pólitískt úrlausnarefni að eiga við . Hinn læknisfræðilegi veruleiki er sá að eftir því sem konur eldast þá minnka möguleikar þeirra til að eiga börn. Þá koma til sjúkdómar ýmiss konar sem hafa orðið algengari og heimfæra má á umhverfi og aðstæður einnig að hluta. Þeir tengjast streitu, álagi og kvíða sem hafa mikil áhrif á frjósemi. Talið er að allt að 10-18% para eigi í vandræðum með barneignir. Eru þar truflanir bæði karla og kvenna sem hafa áhrif. Framleiðsla og egglos kvenna við marga sjúkdóma er skert, hið sama gildir um sæðisframleiðslu karla. Sjúkdómar sem hafa áhrif á hormónaframleiðslu, kynsjúkdómar, lífsstílssjúkdómar eins og sykursýki, offita, áfengis- og lyfjanotkun eru allt þættir sem hafa neikvæð áhrif á getu okkar til að eignast börn.

Við þurfum að snúa þessari þróun við og hlúa að ungu fólki sem er reiðubúið og skapa því umhverfi og aðstæður. Einstaklingarnir verða einnig að axla sína ábyrgð á þeim fjölmörgu þáttum sem leitt geta til skertrar frjósemi þeirra og tengjast með beinum og óbeinum hætti lifnaðarháttum þeirra. Sameiginlegt átak í þessu mun vonandi skila okkur aftur í fremsta sæti meðal vestrænna þjóða. Fleiri ástarvikur eins og á Bolungarvík, takk!

**Danir kenna ekki bara kynfræðslu til að forðast að eignast börn heldur hvernig skuli eignast þau. Japanska ríkið stendur fyrir stefnumótanálgun fyrir pör.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Barn breytir öllu

**Fjórir ólíkir einstaklingar ræddu við Fréttablaðið um barneignir, foreldrahlutverkið og þær breytingar sem verða þegar ný manneskja bætist í heiminn.**



**Arnar Halldórsson**

„Ég á fjóra stráka. Á fjögurra ára afmæli sínu átti sá elsti þrjá yngri bræður,“ segir Arnar Halldórsson kerfisstjóri, en hann og Jóna, konan hans, eignuðust fjóra stráka á fjórum árum.

„Ég var 24 ára þegar sá elsti fæddist. Við höfðum bæði lokið námi og ákváðum að nú stæði vel á að hefja barneignir. Hinir komu svo í kjölfarið, ekki endilega fyrir fram skipulagðar meðgöngur, en allir velkomnir. Vinnufélagarnir voru farnir að kalla mig Barnar því frúin var „alltaf“ ófrísk,“ segir Arnar kíminn og bætir við að líf þeirra hjóna hafi breyst mikið með tilkomu barnanna.

„Þegar maður eignast barn þá breytist allt. Nú ertu farinn að bera ábyrgð á annarri manneskju og sinna henni á allan hátt. Í okkar tilfelli reyndi mikið á samvinnu eftir því sem fjölgaði í hópnum. Allar daglegar athafnir snerust um að koma þessum drengjum til manns, og sem betur fer nutum við dyggrar aðstoðar fjölskyldna okkar þegar á þurfti að halda,“ segir Arnar.

Hann er sjálfur elstur fjögurra systkina og var tólf ára þegar það yngsta fæddist, svo fátt kom honum á óvart þegar fyrsti sonurinn fæddist. „Drengurinn var meðfærilegur og auðvelt að grípa hann með í heimsóknir til fjölskyldu og kunningja. Það varð þyngra í vöfum þegar bættist í hópinn, enda segir gamalt orðatiltæki: „Eitt er ekki neitt en tvö eins og tíu.“ En þegar þeir voru orðnir fjórir þá komst ég að því að maður var kominn út fyrir normið hvað varðar stærð á bíl og húsnæði,“ segir Arnar.

Margt hefur breyst frá því að synir Arnars komu í heiminn en hann átti ekki rétt á fæðingarorlofi líkt og feður í dag. „Ég nýtti sumarfríin sem slíkt og naut velvildar hjá yfirmanni við að hliðra því til eins og mér hentaði. Ég var með iðnmenntun og farinn að vinna við mitt fag.“



**Halldóra Vattnes**

Halldóra Vattnes Kristjánsdóttir snyrtifræðingur er þrítug móðir tveggja drengja, Fjölnis Hrafns sjö ára og Ágústs Ægis fjórtán mánaða. Hún hafði alltaf hugsað sér að eignast börn en þegar systur hennar eignuðust sín börn jókst löngun hennar til þess og hún sló til.

„Þegar ég eignaðist fyrri strákinn varð ég bara ólétt og það var einhvern veginn ekkert mál en það var aðeins erfiðara að verða ólétt af þeim yngri,“ segir Halldóra, en þegar kom að því að eignast barn númer tvö komst hún að því að hennar biði stórt verkefni.

„Ég lenti í því að missa fóstur nokkrum sinnum sem hafði þær afleiðingar að ég þurfti að fara í glasafrjóvgun til þess að eignast hann. Ég segi stundum að þetta hafi verið fjall sem við þurftum að klífa og svo þegar maður er kominn á toppinn þá fær maður verðlaunin í fangið,“ segir Halldóra.

„Lífið varð einhvern veginn miklu skemmtilegra eftir að ég eignaðist börn. Það myndast meiri regla og rútína og þá einhvern veginn líður manni betur, þó að auðvitað geti þetta verið erfitt. En það sem breyttist mest er að maður hefur alltaf einhvern hjá sér,“ segir Halldóra.

Hún gæti vel hugsað sér að eignast fleiri börn og stefna hún og unnusti hennar að því að bæta við þriðja barninu á næsta ári. „Við eigum eftir í frysti og ætlum að láta reyna á það eftir að við erum búin að gifta okkur. Við ætlum að gifta okkur í ágúst á næsta ári, svo þá athugum við hvort sá frostpinni virki,“ segir Halldóra og brosir.



**Salka Guðmundsdóttir**

„Það kom mér á óvart hvað barnið fæðist með sterkan karakter, maður er allt í einu með einhverja týpu í fanginu og hugsar bara: Jæja, hvað vilt þú, litla manneskja?“ segir Salka Guðmundsdóttir leikskáld.

Salka er 37 ára og eignaðist nýlega sitt fyrsta barn. Sonur hennar er tæplega eins árs en hún eignaðist hann ein eftir að hafa langað að eignast barn lengi. „Ég á son minn einsömul svo það var eins planað og hugsast getur. Mig hefur alltaf langað að eignast börn, það skipti mig miklu máli,“ segir Salka.

„Ég sef minna, hlæ meira, skríð meira um gólf, gleðst oftar, syng meira og hræðist loftslagsbreytingar enn þá meira fyrir hönd framtíðarkynslóða,“ segir Salka og bætir við að hún muni bíða með frekari barneignir þar til sonur hennar verður aðeins eldri og hún betur sofin.

Þær konur sem eignast börn einar, líkt og Salka, fá níu mánuði í fæðingarorlof sem er jafn langur tími og orlof tveggja foreldra sem eignast barn saman. „Fæðingarorlofið er náttúrlega eins og eitthvert grín og alltof stutt, ég réði illa við þær aðstæður ef ég byggi ekki í foreldrahúsum fyrsta ár barnsins, með eigin íbúð í útleigu,“ segir Salka.

Hún segir einnig að fjárhagur og öryggi hafi haft áhrif á ákvörðun hennar að eignast barn. „Ég veit ég hefði alltaf reynt að eignast barn á einhverjum tímapunkti en það hjálpaði vissulega til að ég var komin á þann stað í lífinu að hafa örlítið fjárhagslegt svigrúm og var ekki óörugg að fara af vinnumarkaði um tíma, búin að stimpla mig ágætlega inn þar,“ segir Salka að lokum.



**Berglind Rún Torfadóttir**

„Ég er yngst fjögurra systkina og ég ætlaði alltaf að eiga fjögur börn sjálf en það hefur svolítið breyst í dag og mér finnst ólíklegt að það gerist,“ segir Berglind Rún Torfadóttir verkefnastjóri. Hún eignaðist Ernu Eiri dóttur sína þegar hún var tvítug.

Berglind hafði ekki lagt á ráðin að eignast barn svo ung að aldri og segir að koma Ernu í heiminn hafi breytt lífi hennar mikið. „Dóttir mín kom inn í líf mitt á hárréttum tíma og breytti því til hins betra. Ég er þakklát fyrir þennan snilling á hverjum degi. Í dag get ég ekki ímyndað mér lífið án þess að eiga barn. Það fyllir lífið af svo mikilli gleði og ást.“

Erna fæddist á tuttugustu og sjöttu viku meðgöngu og var það mikið áfall fyrir Berglindi. „Mér datt ekki í hug að það myndi gerast, en það er víst alls ekki alltaf þannig að maður gangi með barn í 40 vikur og fari svo með það strax heim. Allavega ekki í mínu tilfelli sem var mjög erfitt. En ég hafði ekki hugmynd um hvað það var að eiga barn áður en ég varð mamma svo ég var ekki með neinar væntingar eða fyrir fram ákveðnar skoðanir, ég bara vissi ekki að það væri hægt að elska svona mikið,“ segir Berglind.

Þegar Erna fæddist segir Berglind að það að vera móðir hafi verið mikil hvatning fyrir hana til að gera vel í lífinu. Hún hóf að mennta sig og hefur nú sex árum síðar lokið meistaragráðu í verkefnastjórnun. „Lengi vel var ég einstæð móðir og fjárhagurinn var ekki svakalega góður, verandi námsmaður á námslánum í hlutastarfi, að reyna að framfleyta okkur mæðgum var stundum smá púsl. En fyrir utan það hentaði mér vel að vera í háskóla með lítið barn, maður getur stjórnað tíma sinum að mörgu leyti sjálfur þegar maður er í námi svo þegar maður byrjar að vinna 8-16 vinnu þá sér maður hvað það er næs að vera í skóla. En ég er líka mjög heppin með foreldra. Þau hafa hjálpað mér mikið, nenna endalaust að passa,“ segir Berglind brosandi að lokum.

# Línan hefur verið dregin.

## NÝR TUCSON N-LINE.




ENNEMM / SÍA / NM94232

### Kynntu þér TUCSON í N-LINE sérútgáfu.

Nú fæst TUCSON í spennandi N-LINE sérútgáfu: Svartar 19" álfelgur, kröftugir litir og LED skreytingar á aðalljósum. Í N-LINE útgáfunni er áherslan lögð á sportlegt og einkennandi útlit. Innréttingin hefur einnig fengið upplyftingu með sportlegri sætum, álpedölum og N-LINE merkingum.
Kynntu þér TUCSON í N-LINE sérútgáfu!

**TUCSON 4WD SJSK: Verð frá 5.090.000 kr.**
**TUCSON N-LINE: Verð 6.190.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



**Á leiðinni í Ingólfsfjörð býðst ótrúlega fallegt útsýni til Drangaskarða.** MYND/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

# Síldarminjar í friðsælum Ingólfsfirði

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Það er ekki oft sem verksmiðja nær að fanga athygli manns eða að bygging smellpassi inn í umhverfið. Eina slíka er þó að finna í Ingólfsfirði á Ströndum sem er 8 km langur og 1½ km breiður fjörður milli Munaðarness og Seljaness. Verksmiðjan stendur á Eyri við austanverðan fjörðinn en þangað er aðeins 10 mínútna keyrsla frá Norðurfirði. Á leiðinni býðst eitt fallegasta útsýnið til Drangaskarða en úr fjarlægð líkjast þau helst neðri skolti í risaeðlu. Í næsta nágrenni Ingólfsfjarðar eru síðan fjallstoppar eins og Glissa (718 m), Kálfatindur (646 m) og Eyrarfell (634 m) sem setja sterkan svip á umhverfið. Ingólfsfjörður hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið, enda liggur eftir honum frekar frumstæður vegur út í Ófeigsfjörð þar sem stendur til að virkja stærsta vatnsfall Vestfjarða, Hvalá. Liður í þeirri framkvæmd er lagning nýs vegar í hlíðinni ofan verksmiðjunnar og er hugmyndin að hann komi í stað gamla vegarins sem beinlínis liggur í gegnum gömlu verksmiðjubyggingarnar, og því skemmtilegur sem slíkur. Þessi fyrirhugaða vegaframkvæmd mun gjörbreyta ásýnd Ingólfsfjarðar og trufla það jafnvægi sem ríkir milli einstakrar náttúru fjarðarins og yfirgefnu verksmiðjunnar sem bæði ferðamenn og draugar hafa tekið ástfóstri við. Það voru Norðmenn sem hófu síldarsöltun í Ingólfsfirði upp úr 1915. Stuttu síðar tóku hérlendir athafnamenn við og í kringum 1919 var síld söltuð víðs vegar við fjörðinn. En skjótt skipast veður í lofti og sama haust varð gífurlegt verðfall afurða, oft kallað krakkið, sem varð til þess að síldarsöltunarfyrirtæki fóru á hausinn. Á næsta áratug byggðust upp nýjar en tiltölulega litlar síldarbræðslur við Ingólfsfjörð en á árunum 1942-1944 reisti Ingólfur hf. stóra síldarverksmiðju á Eyri sem enn stendur. Starfsemi verksmiðjunnar stóð þó ekki í mörg ár því síldveiðar í Húnaflóa brugðust og árið 1952 var starfsemin lögð niður. Það er óhætt að mæla með heimsókn í Ingólfsfjörð en sé ferðinni heitið í Ófeigsfjörð er tilvalið að skoða verksmiðjuna í Ingólfsfirði á leiðinni. Einnig bjóðast skemmtilegar gönguleiðir í Ingólfsfirði, m.a. yfir í Ófeigsfjörð, en þaðan má halda göngunni áfram norður á Hornstrandir.



Fókus á hjarta landsins



**Gamla síldarverksmiðjan í Ingólfsfirði er mikið augnayndi.** MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON



**Útsýni út Ingólfsfjörð sem er kenndur við sinn fyrsta ábúanda, Ingólf Herröðarson.** MYND/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

bauhaus.is

# BAUHAUS

## ÁTTU EFTIR AÐ MÁLA EÐA BERA Á PALLINN?




Pinotex

**Classic trans-parent, 5 l**
Gagnsæ viðarvörn sem ver viðinn gegn sveppagróðri.

**3.995.-**




Sadolin

**Sterk múrmálning, 10 l**
Silkimött akrýlmálning. Ætluð til notkunar á nýjan eða áður málaðan múr og hentar sérlega vel á ópússaðan stein. Hefur mikið viðnám gegn veðrun og skemmdum vegna mengunar.

**9.995.-**

NÝTT Í BAUHAUS




**6.495.-**

GORI

**Gori 502**
Fyrir viðaryfirborð, bílskúra, skjólveggi, glugga og ytri hurðir sem og nýjan við. Endingargóð vörn í allt að fjögur ár. Glær. Margir litir í boði. Þekja er 6-10 m² á l.




**5.995.-**

GORI

**Gori grunnur**
Til að grunna glugga, hurðir, klæðningar, skjólveggi og bílskýli, bæði fyrir nýjan og gamlan við. Ver gegn rotnun og dregur úr myndun sprungna. Glær. Þekja er 4-6 m² á l.




**1.995.-**

JOTUN

**Viðarolía, 2,7 l**
Alkýð-olía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhúsgögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstifúavarið timbur.




**5.995.-**

Pinotex

**Superbase, 5 l**
Ver gegn rotnun og sveppi og ver sérstaklega gegn rakaskemmdum í viðnum og óhreinindum á yfirfletinum.

## *Allt í einni ferð í BAUHAUS!*



**3.995.-**

**Tida blómaker**
Myntugrænt blómaker notað utandyra.
H: 18 cm. H:27 cm 5.995.-
H:33 cm 6.995.-



**14.995.-**

**Halli duftker**
Stór og flott frostþolin blómaker.
H: 33 cm. H: 50 cm. 19.995.-



**14.995.-**

**Blómaker**
Flott ryðlituð blómaker til notkunar utanhúss. H: 32 cm. H:42 cm. 21.995.-



**14.995.-**

**Blómaker**
Grá blómaker til notkunar utanhúss.
H: 30 cm. H:47 cm. 26.995.-




**795.-**

**Danmuld gróðurmold, 40 l**
Tryggir m.a. loftskipti við rætur plantnanna og sér plöntunum fyrir bestu vaxtarskilyrðum allt vaxtartímabilið.




**1.495.-**

**Blákorn, 5 kg**
Klórsnauður NPK-áburður með kalki, magnesíum, brennisteini og bór. Góður alhliða áburður fyrir grasflatir og skrúðgarða. Leysist vel upp í jarðvegi. Gott er að hefja gjöf með Blákorni á grasflatir að vori og enda svo gjöf síðla sumars. Hentar vel í öll blómabeð.




**2.495.-**

**Leirkúlur, 25 l**
8-16 mm. Leirkúlurnar eru notaðar sem botnlag í blómapottum og -kerjum til að draga úr hættu á ofvökvun.

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Í bílnum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Líflegt mannlíf er í miðbæ Reykjavíkur á hlýjum og fallegum sumardögum eins og nú ríkja. Þannig er miðbærinn fullur af fólki, að stórum hluta erlendum ferðamönnum sem sannarlega eiga sinn þátt í að halda þjóðarbúinu gangandi. Einstaka Íslendingar sjást svo en þeir sitja aðallega í sólinni fyrir utan veitingastaði og virðast ekki hafa áberandi áhuga á að kíkja í verslanir í miðbænum. Á einum svona degi mátti sjá tvo verslunareigendur stinga saman nefjum og umræðuefnið var einmitt það að Íslendingar sæjust ekki mikið á Laugaveginum, þeir væru í bílum sínum að versla annars staðar.

Það verður ekki horft fram hjá þeirri dapurlegu staðreynd að of margir Íslendingar eru bílóðir, vilja fara allt í einkabílnum og geta vart hugsað sér verslunarleiðangur nema vita af bílnum fyrir utan verslunina sem þeir líta inn í. Þess vegna fara þeir í Ármúla og Síðumúla og á Suðurlandsbrautina og í Kringluna og Smáralind þar sem fjarska auðvelt er að leggja bílnum. „Það er sko annað en á Laugaveginum, en þangað fer ég aldrei," segja þeir kokhraustir og bölva um leið meirihluta borgarstjórnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur eytt mikilli orku og ógurlegum tíma í að sannfæra borgarbúa um það að góður lífsstíll felist meðal annars í því að hvíla einkabílinn. Þeir bílóðu einstaklingar sem elska bílinn sinn næstum jafn mikið og sjálfa sig taka engum sönsum og munu sennilega aldrei gera það. Sem er leitt því það er yndislegt að ganga Laugaveginn, Skólavörðustíginn, Austurstrætið og fleiri götur miðbæjarins. Þessu gera erlendu ferðamennirnir sér glögga grein fyrir, enda virðist þeim líða alveg ljómandi vel í miðbænum og líta í verslanir og eru ekkert að flýta sér. Bílelskandi Íslendingar ættu að fara að dæmi þeirra og leyfa sér að ganga um bæinn í rólegheitum og njóta þess að vera til. Það er góð leið til að minnka streituna.

Miðborg á að vera sjarmerandi og eftirsóknarverður staður þar sem fólk nýtur þess að vera. Miðbær Reykjavíkur er það að stórum hluta – fyrir utan Hafnartorg sem virðist ekki ætla að verða heillandi verslunarsvæði. Hins vegar er Skólavörðustígurinn orðinn ansi líflег gata og Austurstrætið er alltaf vinalegt, Hlemmur er svo orðinn allt annar eftir að hin vel heppnaða Mathöll reis þar og Grandinn er dásamlegt svæði þar sem notalegt er að vera. Laugavegurinn er hins vegar að þróast í nokkuð undarlega átt með ótal smekkleysum lundabúðum sem standa þó undir sér, jafn einkennilegt og það nú er.

Bíleigendur verða að átta sig á því að öflug bílaumferð á ekki við í miðbæjum stórborga og hana þarf að takmarka. Þetta er gert víða í borgum erlendis og þykir ekki stórmál. Stöðugt kvak bíleigenda og sumra verslunarmanna um óréttlætið sem felst í takmörkun umferðar í miðbænum er ansi þreytandi. Meirihluti borgarstjórnar er örugglega á villigötum í einhverjum málum en þegar kemur að takmörkun bílaumferðar í miðbænum þá er einmitt verið að gera það sem gera þarf.

**Stöðugt kvak bíleigenda og sumra verslunarmanna um óréttlætið sem felst í takmörkun umferðar í miðbænum er ansi þreytandi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Villukastljós**

Útvarp Saga hefur margt sér til ágætis og mikið er til í slagorðinu um að hún þori á meðan aðrir þegja þar sem það er vissulega nokkuð vogað að bjóða upp á skýrslur um gang heimsmála frá sjálfsagt hispurslausasta fréttaritara íslenskrar fjölmiðlasögu, Guðmundi Franklín Jónssyni. Gúndi, eins og véfréttaritarinn frá Borgundarhólmi er kallaður, varpar reglulega villuljósi á heimsmálin af aðdáunarverðum sannfæringarkrafti og mikið látið með að hann segi fréttir sem aðrir fjölmiðlar þegja um.

**Frábær náungi**

Skörunin við „meginstraumsmiðlana" liggur kannski í því að Donald Trump er mælikvarði allra hluta hjá Gúnda sem byggir „skúbbin" oft á upploginni þvælu úr vafasömum skúmaskotum netsins. Þannig er honum tíðrætt um að Bill og Hillary Clinton séu, ásamt flestum nafntoguðum andstæðingum forsetans, virk í barnaklámshring Jeffreys Epstein. Trump er víst á leiðinni að uppræta perraklíkuna þótt hann hafi lýst yfir perranum svona 2002: „Ég hef þekkt Jeff í fimmtán ár. Frábær náungi. Það er ofboðslega gaman að vera með honum og það hefur meira að segja verið sagt að hann kunni jafn vel að meta fagrar konur og ég. Og margar þeirra eru í yngri kantinum." Gömul falsfrétt?

arib@frettabladis.is
toti@frettabladid.is

# Rafmagnsskortur og orkustefna



Guðmundur Ingi Ásmundsson
forstjóri Landsnets

Öruggt framboð af rafmagni er nauðsynlegt fyrir nútímasamfélög og við verðum sífellt háðari því. Í nýrri skýrslu um afl- og orkujöfnuð fyrir árin 2019-2023 sem við hjá Landsneti gáfum út kemur fram að líkur á rafmagnsskorti á Íslandi á næstu árum eru að aukast talsvert.

Í skýrslunni bendum við á þá staðreynd að raforkunotkun hefur aukist hraðar en uppbygging virkjana sem leiðir til þess að líkur á skorti fara vaxandi. Í samræmi við hlutverk okkar, erum við ekki að taka afstöðu til einstakra notenda heldur erum við að vekja athygli á stöðunni svo hægt sé að bregðast við í tíma og koma í veg fyrir mögulegar skerðingar sem yrðu án aðgerða.

Raforkuspá er í höndum Orkustofnunar sem gefur út nýja orkuspá árlega. Á undanförnum árum hefur notkunin þó verið umfram spár stofnunarinnar þar sem spáin tekur ekki tillit til aukningar hjá stærri notendum. Eftirspurn eftir raforku fer vaxandi með aukinni fólksfjölgun, orkuskiptum og auknum umsvifum í atvinnulífinu.

Í umræðunni hefur verið áberandi sú staðreynd að óljóst er hver ber ábyrgð á því að nægjanlegt afl sé í landinu. Við höfum bent á að stærri notendur hafi burði til að semja um sína hagsmuni og minni fyrirtæki og almenningur muni standa eftir. Það þarf líka að hafa í huga að ákvarðanir í orkumálum og uppbyggingu orkumannvirkja hafa áhrif til langs tíma. Ákvörðun í dag í þessum efnum er iðulega viðbragð við stöðu sem kann að koma upp eftir einhver ár.

Á vegum stjórnvalda er nefnd að störfum sem vinnur að stefnumörkun í orkumálum. Eitt mikilvægasta verkefni hennar er að marka stefnuna um nýtingu á okkar verðmætu hreinu orku og styrkja forsendur orkuspár. Niðurstaða nefndarinnar verður leiðarljós starfsfólks fyrirtækjanna sem hafa það hlutverk að útfæra og innleiða stefnu nefndarinnar í sem mestri sátt við samfélagið.

**Eftirspurn eftir raforku fer vaxandi með aukinni fólksfjölgun, orkuskiptum og auknum umsvifum í atvinnulífinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Flokkar í nauðum

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Þegar sögufrægir stjórnmálaflokkar láta berast út á rangar brautir með afleiðingum sem ná langt út fyrir eigin landamæri er rétt að staldra við. Hverju sætir það að bandaríski Repúblikanaflokkurinn, flokkur Abrahams Lincoln, og brezki Íhaldsflokkurinn, flokkur Winstons Churchill, hegða sér nú nánast eins og þeir séu gengnir af göflunum? – hvor með sínu lagi. Hvað kom fyrir? Stiklum á stóru.

**Þá er ekkert rangt**

Repúblikanaflokkurinn er næstelzti starfandi stjórnmálaflokkur heims. Hann var stofnaður 1854 til höfuðs elzta flokknum, Demókrataflokknum, sem beitti sér fyrir útbreiðslu þrælahalds til vesturríkja Bandaríkjanna þegar þeim fór fjölgandi. Ágreiningur flokkanna fyrir forsetakjörið 1860 hverfðist um þrælahaldið. Demókratar buðu fram lögfræðinginn Steven Douglas sem mælti fyrir hagsmunum þrælahaldara í suðurríkjunum. Repúblikanar buðu fram Abraham Lincoln sem var líka lögfræðingur og mælti gegn þrælahaldi í samræmi við jafnræðisákvæði sjálfstæðisyfirlýsingarinnar frá 1776. Lincoln sagði á fundum: Ef þrælahald er ekki rangt, þá er ekkert rangt. Lincoln sigraði.

Suðurríkjademókratar tóku sigri Lincolns illa og sögðu sig úr lögum við Bandaríkin. Af þessu hlauzt borgarastríðið 1860-1864 og kostaði 600.000 mannslíf. Stríðinu lauk með sigri Lincolns og repúblikana. Þeim tókst að viðhalda ríkjasambandinu. Lincoln galt fyrir sigurinn með lífi sínu 1865 og er að margra dómi merkastur allra forseta Bandaríkjanna. Demókratar bættu ekki ráð sitt í jafnréttismálum fyrr en í forsetatíð Johns Kennedy og Lyndons Johnson 1961-1968 þegar ný mannréttindalög náðu fram að ganga til hagsbóta fyrir blökkumenn. Við það misstu demókratar þá styrku stöðu sem þeir höfðu áður notið í suðurríkjunum.

Taflið snerist við. Repúblikanar gengu á lagið. Þeir hafa síðan gert margt til að skerða kosningarrétt blökkumanna og gerðu Donald Trump að forsetaframbjóðanda sínum 2016, mann sem margir telja rasista og hálfgildingsfasista. Trump náði kjöri m.a. fyrir tilstilli vonsvikinna kjósenda sem hafa mátt búa við litlar sem engar kjarabætur áratugum saman og einnig vegna galla á kosningafyrirkomulaginu sem tryggði honum sigur þótt hann hlyti mun færri atkvæði en höfuðkeppinauturinn líkt og gerðist einnig þegar George W. Bush náði kjöri 2000. Auðmenn láta repúblikana grafa markvisst undan lýðræði í eiginhagsmunaskyni. Trump er ekki undirrót vandans heldur afleiðing.

Flokkarnir tveir sem margir töldu keimlíka ef ekki alveg eins frá 1945 til 1980 eru nú svo ólíkir hvor öðrum sem verða má. Ósættið milli þeirra ristir djúpt, sundrar fjölskyldum og vinum og nær ekki aðeins til kjörinna fulltrúa flokkanna heldur einnig til óbreyttra flokksmanna.

**Brezka ljónið er tannlaust**

Vandi brezka Íhaldsflokksins er yngri. Í Bretlandi gerðist það líkt og í Frakklandi, Þýzkalandi og víðar um Evrópu að fram á sjónarsviðið kom nýr flokkur þjóðernissinna, Brezki Sjálfstæðisflokkurinn (e. UKIP), og krafðist m.a. úrsagnar úr ESB. Þingflokkur íhaldsmanna varð svo hræddur við fylgistap að hann ákvað að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að ESB í þeirri von og trú að kjósendur myndu hafna útgöngu úr bandalaginu eins og meiri hluti þingflokksins. Þá sáu nokkrir þingmenn flokksins sér leik á borði, snerust á sveif með Brexit og beittu m.a. fyrir sig blekkingum og lygum. Þar fór Boris Johnson einna fremstur í flokki, alræmdur lygari líkt og Trump forseti. Johnson var fyrr á starfsferli sínum rekinn frá Times í London, virðulegu íhaldsblaði, fyrir lygafréttir sem hann birti í blaðinu. Hann býst nú til að taka við starfi forsætisráðherra.

Brezkir kjósendur ákváðu óvænt að segja skilið við ESB. Það hefði getað gengið þokkalega hefði ríkisstjórn Íhaldsflokksins haldið sómasamlega á samningum við ESB um útgönguna, en það gerði hún ekki. Þrjú ár frá þjóðaratkvæðagreiðslunni 2016 hafa farið til spillis þar eð ríkisstjórnin gat ekki komið sér saman um samningsstöðu. Það bætir ekki úr skák að Verkamannaflokkurinn er einnig illa laskaður vegna ýmislegra innanmeina. Brezka ljónið er tannlaust í báðum gómum. Margt bendir til að Bretar hrökklist út úr ESB án samnings í lok október n.k. með alvarlegum efnahagslegum og utanríkispólitískum afleiðingum. Brezkir íhaldsmenn hafa það þó fram yfir bandaríska repúblikana að þeir grafa ekki undan lýðræðinu heldur vilja þeir virða Brexit-ákvörðun kjósenda frá 2016. Það hvarflar ekki að þeim að þingið geti gengið gegn niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu. Það getur enginn gert nema þjóðin sjálf.

**Hriktir í stoðum**

Þegar svo er ástatt samtímis um tvö helztu forusturíki hins frjálsa heims, ríki sem fámennari þjóðir um allan heim hafa reitt sig á og litið upp til í 150 ár, þá hriktir í stoðum lýðræðisins. Andstæðingar frelsis og lýðræðis fagna þessu ástandi því það eykur svigrúm þeirra til að sölsa undir sig eigur annarra og bæla niður frómar kröfur um lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Þegar hallar á lýðræði, er réttarríkinu og velferð almennings til langs tíma litið einnig hætta búin.

**Brezka ljónið er tannlaust í báðum gómum. Margt bendir til að Bretar hrökklist út úr ESB án samnings í lok október n.k. með alvarlegum efnahagslegum og utanríkispólitískum afleiðingum.**



## VINNINGASKRÁ

7. flokkur 2019
Útdráttur 9. júlí 2019

HAPPDRÆTTI SÍBS
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000**

41329

**AUKAVINNINGAR kr. 100.000**

41328 41330

**PENINGAVINNINGAR kr. 500.000**

1778 9856 13860 20464 36112 41377 44834 60964 71227 73460

**PENINGAVINNINGAR kr. 100.000**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 191 | 6384 | 12224 | 16226 | 18564 | 25615 | 32352 | 38558 | 42721 | 50786 | 58574 | 64909 | 66373 | 69243 | 79358 |
| 804 | 6425 | 12226 | 16318 | 18981 | 27631 | 32381 | 39291 | 45052 | 51170 | 58878 | 65185 | 67190 | 69247 | 79987 |
| 1398 | 9511 | 13066 | 16432 | 24001 | 27754 | 32755 | 39984 | 45072 | 51612 | 60149 | 65817 | 67440 | 74048 | |
| 1481 | 10060 | 14958 | 16512 | 24110 | 31550 | 33825 | 40166 | 45210 | 52802 | 60278 | 66000 | 67533 | 74331 | |
| 1508 | 10937 | 15350 | 16828 | 24350 | 31707 | 35355 | 40769 | 46099 | 52972 | 60612 | 66165 | 68108 | 74415 | |
| 2641 | 11545 | 15596 | 16980 | 24449 | 32034 | 38064 | 41419 | 47306 | 53023 | 62899 | 66234 | 68672 | 74566 | |
| 4591 | 11790 | 15648 | 18067 | 24718 | 32302 | 38550 | 41730 | 49744 | 54562 | 62903 | 66255 | 68991 | 75913 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2940 | 7954 | 12562 | 16604 | 23375 | 27609 | 32722 | 37925 | 42113 | 48263 | 51950 | 56530 | 65673 | 70980 | 73116 | 77464 |
| 317 | 3272 | 8573 | 13045 | 16829 | 23378 | 27682 | 33102 | 37973 | 42240 | 48516 | 52426 | 57871 | 66050 | 70984 | 73297 | 77505 |
| 753 | 3581 | 9057 | 13100 | 18078 | 23577 | 28637 | 33165 | 38209 | 43173 | 48523 | 52757 | 58322 | 66126 | 71096 | 73530 | 77631 |
| 1086 | 3816 | 9522 | 13105 | 18217 | 23605 | 29096 | 34073 | 38599 | 43430 | 48552 | 52888 | 58620 | 67604 | 71157 | 75212 | 78294 |
| 1745 | 3933 | 9543 | 13535 | 18241 | 23697 | 29302 | 34181 | 38677 | 43841 | 48714 | 53337 | 58657 | 67629 | 71502 | 75224 | 79589 |
| 2150 | 4656 | 9606 | 13639 | 18391 | 24111 | 29639 | 34455 | 39413 | 44893 | 48898 | 53393 | 61436 | 68003 | 71567 | 75311 | 79735 |
| 2227 | 6062 | 9911 | 14002 | 19109 | 24671 | 29694 | 34622 | 39676 | 46509 | 49530 | 54028 | 61950 | 68114 | 71747 | 75907 | 79784 |
| 2563 | 6188 | 10668 | 14464 | 19139 | 24862 | 31469 | 34667 | 40156 | 46551 | 50004 | 54244 | 62407 | 68503 | 72331 | 76113 | 79886 |
| 2688 | 6751 | 10713 | 15137 | 19288 | 25347 | 31518 | 35050 | 40912 | 46741 | 51025 | 54684 | 62897 | 68867 | 72473 | 76402 | |
| 2700 | 7044 | 11036 | 15160 | 19745 | 25462 | 31897 | 35098 | 40984 | 46988 | 51059 | 55165 | 63343 | 69091 | 72687 | 76665 | |
| 2889 | 7363 | 11088 | 15486 | 21411 | 25517 | 31957 | 35243 | 41619 | 47039 | 51241 | 56200 | 65199 | 69224 | 72812 | 76907 | |
| 2928 | 7832 | 11155 | 15506 | 22828 | 26044 | 32201 | 36957 | 41839 | 48139 | 51635 | 56493 | 65609 | 70810 | 72996 | 77255 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 | 4886 | 11699 | 15889 | 21098 | 25612 | 30185 | 35907 | 39680 | 45347 | 50573 | 54909 | 58466 | 63611 | 67851 | 72800 | 78821 |
| 75 | 4938 | 11971 | 16159 | 21233 | 25780 | 30487 | 35920 | 39704 | 45473 | 50616 | 54934 | 58472 | 63702 | 67958 | 72845 | 78822 |
| 387 | 5123 | 11977 | 16190 | 21269 | 25911 | 30543 | 35953 | 39898 | 45528 | 50950 | 55002 | 58498 | 63720 | 67997 | 72936 | 79031 |
| 542 | 5140 | 11986 | 16307 | 21294 | 25955 | 30607 | 35964 | 40305 | 45581 | 51076 | 55283 | 58536 | 64044 | 68070 | 72962 | 79240 |
| 566 | 5532 | 12038 | 16735 | 21303 | 26154 | 30681 | 36284 | 40321 | 45709 | 51106 | 55419 | 58828 | 64092 | 68076 | 73021 | 79283 |
| 830 | 5937 | 12076 | 16766 | 21365 | 26537 | 30697 | 36490 | 40332 | 45750 | 51377 | 55490 | 58949 | 64187 | 68179 | 73098 | 79361 |
| 871 | 6005 | 12173 | 16795 | 21440 | 26642 | 30724 | 36620 | 40491 | 46107 | 51396 | 55495 | 58969 | 64252 | 68445 | 73487 | 79510 |
| 927 | 6061 | 12326 | 16989 | 21525 | 26683 | 31020 | 36629 | 40582 | 46129 | 51574 | 55551 | 59233 | 64260 | 68692 | 73604 | 79553 |
| 978 | 6074 | 12353 | 17117 | 21665 | 26704 | 31099 | 36650 | 40751 | 46237 | 51590 | 55708 | 59249 | 64306 | 68734 | 73661 | 79665 |
| 1124 | 6209 | 12375 | 17120 | 21983 | 26794 | 31314 | 36660 | 40953 | 46356 | 51607 | 55722 | 59478 | 64309 | 68766 | 73716 | 79741 |
| 1243 | 6674 | 12455 | 17244 | 22096 | 26998 | 31495 | 36792 | 40977 | 46445 | 51620 | 56010 | 59547 | 64337 | 68918 | 73823 | 79750 |
| 1245 | 6864 | 12622 | 17313 | 22117 | 27042 | 31521 | 36860 | 41042 | 46633 | 51695 | 56024 | 59560 | 64344 | 69082 | 73845 | 79778 |
| 1295 | 6961 | 12721 | 17337 | 22383 | 27150 | 31640 | 36914 | 41056 | 46669 | 51905 | 56058 | 59718 | 64379 | 69109 | 74125 | |
| 1342 | 7084 | 12740 | 17388 | 22411 | 27312 | 31821 | 37042 | 41212 | 46875 | 51974 | 56123 | 59727 | 64652 | 69162 | 74152 | |
| 1405 | 7360 | 12818 | 17555 | 22517 | 27514 | 31870 | 37090 | 41246 | 46944 | 52204 | 56179 | 59780 | 64725 | 69214 | 74156 | |
| 1690 | 7558 | 12833 | 17655 | 22530 | 27529 | 31931 | 37118 | 41409 | 47210 | 52237 | 56272 | 59940 | 64948 | 69221 | 74370 | |
| 1906 | 7588 | 13248 | 17863 | 22703 | 27738 | 32043 | 37134 | 41463 | 47215 | 52341 | 56352 | 60123 | 65114 | 69333 | 74466 | |
| 2222 | 7610 | 13249 | 17915 | 22750 | 27768 | 32070 | 37207 | 41659 | 47374 | 52446 | 56486 | 60303 | 65148 | 69409 | 74469 | |
| 2339 | 7740 | 13294 | 18020 | 22802 | 27809 | 32082 | 37214 | 41803 | 47481 | 52559 | 56553 | 60486 | 65395 | 69525 | 74569 | |
| 2388 | 7751 | 13408 | 18021 | 22823 | 28251 | 32327 | 37478 | 41843 | 47500 | 52579 | 56589 | 60792 | 65407 | 69587 | 75046 | |
| 2453 | 7989 | 13420 | 18117 | 22944 | 28379 | 32395 | 37483 | 42024 | 47611 | 52654 | 56609 | 61063 | 65620 | 69781 | 75411 | |
| 2511 | 8481 | 13632 | 18634 | 23042 | 28402 | 32530 | 37586 | 42154 | 47677 | 52774 | 56699 | 61081 | 65699 | 70068 | 75448 | |
| 2575 | 8556 | 13671 | 18639 | 23105 | 28524 | 32614 | 37647 | 42253 | 47999 | 52955 | 56719 | 61110 | 65860 | 70150 | 75890 | |
| 2999 | 8806 | 13691 | 18661 | 23180 | 28532 | 32882 | 37714 | 42607 | 48223 | 53006 | 56755 | 61354 | 66498 | 70265 | 75934 | |
| 3064 | 8843 | 13800 | 18771 | 23292 | 28630 | 33200 | 37717 | 42975 | 48284 | 53216 | 56804 | 61441 | 66611 | 70311 | 75994 | |
| 3198 | 8934 | 13812 | 18844 | 23320 | 28769 | 33238 | 37734 | 43014 | 48296 | 53233 | 56815 | 61484 | 66625 | 70328 | 76039 | |
| 3373 | 9023 | 13872 | 18983 | 23434 | 28960 | 33390 | 38029 | 43031 | 48424 | 53362 | 56936 | 61555 | 66654 | 70501 | 76362 | |
| 3463 | 9097 | 14118 | 18997 | 23534 | 29093 | 33547 | 38073 | 43091 | 48489 | 53407 | 56970 | 61925 | 66683 | 70508 | 76804 | |
| 3543 | 9244 | 14217 | 19043 | 23789 | 29106 | 33714 | 38212 | 43122 | 48550 | 53548 | 57013 | 61990 | 66712 | 70979 | 77036 | |
| 3875 | 9347 | 14255 | 19265 | 23835 | 29186 | 34072 | 38281 | 43406 | 48706 | 53577 | 57016 | 62063 | 66737 | 71000 | 77120 | |
| 3934 | 9377 | 14262 | 19357 | 23838 | 29214 | 34151 | 38317 | 43489 | 48753 | 53648 | 57280 | 62147 | 66809 | 71273 | 77399 | |
| 4076 | 9382 | 14275 | 19387 | 24085 | 29247 | 34192 | 38347 | 43822 | 48834 | 53808 | 57434 | 62223 | 66915 | 71338 | 77405 | |
| 4100 | 9433 | 14455 | 19408 | 24164 | 29460 | 34497 | 38455 | 43934 | 49127 | 53832 | 57837 | 62331 | 66990 | 71555 | 77513 | |
| 4170 | 9458 | 14570 | 19695 | 24182 | 29528 | 34525 | 38476 | 44071 | 49475 | 53839 | 57864 | 62380 | 67057 | 71782 | 77672 | |
| 4224 | 9605 | 14640 | 19795 | 24457 | 29612 | 34723 | 38521 | 44090 | 49490 | 53945 | 57944 | 62413 | 67065 | 71961 | 78079 | |
| 4252 | 9907 | 14799 | 20330 | 24490 | 29620 | 34749 | 38665 | 44130 | 49617 | 53953 | 57990 | 62623 | 67245 | 71962 | 78111 | |
| 4275 | 10015 | 14993 | 20356 | 24823 | 29669 | 34907 | 38698 | 44219 | 49713 | 53988 | 57997 | 62808 | 67437 | 72082 | 78200 | |
| 4368 | 10183 | 15059 | 20368 | 24976 | 29672 | 35093 | 38748 | 44270 | 49786 | 54024 | 58099 | 62946 | 67450 | 72267 | 78411 | |
| 4372 | 10350 | 15091 | 20459 | 25090 | 29708 | 35276 | 38868 | 44650 | 50075 | 54073 | 58143 | 63133 | 67524 | 72307 | 78554 | |
| 4432 | 11080 | 15411 | 20486 | 25195 | 29831 | 35434 | 39054 | 44717 | 50229 | 54119 | 58176 | 63311 | 67738 | 72395 | 78567 | |
| 4618 | 11376 | 15435 | 20752 | 25283 | 29861 | 35473 | 39281 | 44761 | 50248 | 54215 | 58350 | 63366 | 67758 | 72496 | 78721 | |
| 4755 | 11649 | 15509 | 20828 | 25289 | 30055 | 35518 | 39324 | 45225 | 50365 | 54419 | 58419 | 63411 | 67805 | 72573 | 78795 | |
| 4845 | 11665 | 15514 | 20962 | 25519 | 30171 | 35759 | 39374 | 45299 | 50571 | 54869 | 58436 | 63592 | 67840 | 72701 | 78820 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 333 | 4816 | 9658 | 14646 | 18471 | 23385 | 28468 | 33190 | 38405 | 42634 | 48038 | 52854 | 57538 | 61228 | 65766 | 70302 | 75257 |
| 355 | 4956 | 9684 | 14687 | 18617 | 23407 | 28486 | 33372 | 38446 | 42645 | 48097 | 52906 | 57639 | 61368 | 65788 | 70350 | 75296 |
| 477 | 4994 | 9725 | 14722 | 18622 | 23468 | 28579 | 33409 | 38530 | 42853 | 48243 | 52938 | 57800 | 61411 | 65911 | 70551 | 75331 |
| 1037 | 5146 | 9945 | 14794 | 18638 | 23471 | 28719 | 33443 | 38562 | 42875 | 48312 | 52956 | 57921 | 61422 | 65923 | 70892 | 75368 |
| 1128 | 5163 | 9969 | 14851 | 18721 | 23575 | 28882 | 33477 | 38576 | 43036 | 48343 | 52986 | 57952 | 61497 | 66213 | 70936 | 75423 |
| 1136 | 5271 | 10229 | 15049 | 19025 | 23587 | 28931 | 33572 | 38619 | 43160 | 48458 | 53410 | 58087 | 61535 | 66283 | 71134 | 75429 |
| 1329 | 5451 | 10395 | 15076 | 19070 | 23707 | 28963 | 33723 | 38667 | 43338 | 48780 | 53475 | 58289 | 61546 | 66512 | 71204 | 75505 |
| 1389 | 5493 | 10517 | 15078 | 19400 | 23772 | 29097 | 33775 | 38668 | 43367 | 48805 | 53652 | 58334 | 61628 | 66648 | 71474 | 75516 |
| 1528 | 5653 | 10591 | 15112 | 19674 | 23790 | 29729 | 33814 | 38670 | 43439 | 48822 | 53709 | 58513 | 61699 | 66674 | 71686 | 75520 |
| 1575 | 5761 | 10858 | 15147 | 19804 | 23798 | 29737 | 33872 | 38798 | 43541 | 48919 | 53774 | 58807 | 61711 | 66786 | 71695 | 75641 |
| 1766 | 5834 | 10877 | 15266 | 19952 | 24029 | 30058 | 33937 | 38840 | 43665 | 49134 | 53786 | 58843 | 61767 | 66864 | 71820 | 75776 |
| 1780 | 5889 | 11030 | 15307 | 19958 | 24046 | 30087 | 33966 | 38901 | 44055 | 49139 | 53801 | 58885 | 61806 | 66899 | 71967 | 75834 |
| 1941 | 5914 | 11077 | 15342 | 20128 | 24187 | 30354 | 33972 | 38926 | 44073 | 49225 | 53818 | 58931 | 61864 | 67097 | 71977 | 75978 |
| 2095 | 6168 | 11079 | 15376 | 20140 | 24189 | 30398 | 34027 | 39097 | 44113 | 49413 | 53864 | 59105 | 61896 | 67116 | 72023 | 76230 |
| 2160 | 6321 | 11103 | 15548 | 20450 | 24237 | 30594 | 34051 | 39139 | 44129 | 49479 | 54100 | 59157 | 61920 | 67224 | 72099 | 76231 |
| 2177 | 6460 | 11113 | 15640 | 20483 | 24658 | 30805 | 34810 | 39171 | 44187 | 49531 | 54111 | 59161 | 61937 | 67284 | 72163 | 76431 |
| 2219 | 6468 | 11173 | 15903 | 20613 | 24845 | 30905 | 34884 | 39315 | 44363 | 49642 | 54185 | 59281 | 62014 | 67289 | 72355 | 76483 |
| 2346 | 6496 | 11228 | 15988 | 20673 | 24873 | 30974 | 34920 | 39395 | 44907 | 49651 | 54223 | 59298 | 62066 | 67513 | 72507 | 76600 |
| 2519 | 6844 | 11408 | 16003 | 20715 | 24878 | 31237 | 35051 | 39416 | 44920 | 49704 | 54447 | 59348 | 62166 | 67586 | 72628 | 76657 |
| 2608 | 6949 | 11494 | 16118 | 20870 | 24937 | 31264 | 35193 | 39439 | 45164 | 49718 | 54507 | 59361 | 62215 | 67732 | 72639 | 76920 |
| 2623 | 6999 | 11524 | 16467 | 21036 | 25220 | 31294 | 35254 | 39567 | 45329 | 49737 | 54535 | 59398 | 62222 | 67832 | 72748 | 76944 |
| 2646 | 7010 | 11633 | 16557 | 21178 | 25258 | 31317 | 35294 | 39815 | 45388 | 49774 | 54549 | 59403 | 62369 | 67900 | 72902 | 77011 |
| 2900 | 7063 | 11972 | 16568 | 21232 | 25269 | 31339 | 35323 | 39894 | 45451 | 50056 | 54599 | 59442 | 62637 | 67938 | 72983 | 77073 |
| 3063 | 7078 | 12119 | 16729 | 21331 | 25284 | 31350 | 35608 | 40159 | 45541 | 50107 | 54635 | 59489 | 62708 | 67979 | 73342 | 77253 |
| 3070 | 7180 | 12204 | 16781 | 21362 | 25396 | 31410 | 35791 | 40283 | 45721 | 50119 | 54648 | 59633 | 62733 | 68093 | 73779 | 77419 |
| 3080 | 7259 | 12254 | 16838 | 21384 | 25486 | 31519 | 35803 | 40314 | 45954 | 50372 | 54770 | 59677 | 62762 | 68178 | 73780 | 77479 |
| 3092 | 7279 | 12281 | 16961 | 21550 | 25540 | 31538 | 35823 | 40574 | 46056 | 50385 | 54849 | 59828 | 62807 | 68296 | 73793 | 77839 |
| 3231 | 7411 | 12521 | 17004 | 21594 | 25591 | 31592 | 36017 | 40577 | 46082 | 50608 | 54945 | 59830 | 62879 | 68315 | 73905 | 77913 |
| 3236 | 7465 | 12643 | 17147 | 21838 | 25812 | 31635 | 36149 | 40621 | 46118 | 50645 | 54950 | 59961 | 62948 | 68327 | 74003 | 77968 |
| 3263 | 7531 | 12808 | 17208 | 21887 | 26174 | 31869 | 36249 | 40667 | 46188 | 50657 | 55013 | 60127 | 63153 | 68426 | 74206 | 78093 |
| 3299 | 7562 | 12829 | 17292 | 21959 | 26312 | 31877 | 36378 | 40816 | 46191 | 50671 | 55216 | 60179 | 63224 | 68596 | 74228 | 78195 |
| 3458 | 7812 | 12873 | 17299 | 22091 | 26455 | 31975 | 36450 | 40818 | 46387 | 50930 | 55266 | 60259 | 63462 | 68727 | 74232 | 78323 |
| 3604 | 7870 | 12893 | 17314 | 22166 | 26470 | 32246 | 36501 | 40902 | 46462 | 51094 | 55339 | 60279 | 63496 | 68907 | 74249 | 78487 |
| 3628 | 8276 | 12912 | 17380 | 22181 | 26723 | 32336 | 36548 | 40915 | 46703 | 51320 | 55634 | 60286 | 63678 | 68948 | 74261 | 78602 |
| 3678 | 8414 | 12935 | 17424 | 22239 | 26733 | 32389 | 36633 | 41127 | 46909 | 51423 | 55669 | 60320 | 63778 | 68990 | 74343 | 78749 |
| 3737 | 8521 | 13050 | 17477 | 22247 | 26988 | 32464 | 36666 | 41236 | 46961 | 51441 | 55882 | 60401 | 63844 | 68999 | 74547 | 78833 |
| 3811 | 8561 | 13092 | 17773 | 22290 | 27142 | 32481 | 36715 | 41251 | 46989 | 51556 | 56176 | 60430 | 64209 | 69294 | 74565 | 78978 |
| 3886 | 8703 | 13221 | 17776 | 22367 | 27341 | 32500 | 36986 | 41300 | 47055 | 51636 | 56207 | 60439 | 64304 | 69298 | 74568 | 79040 |
| 3962 | 8704 | 13254 | 17788 | 22397 | 27417 | 32569 | 37072 | 41410 | 47173 | 51807 | 56254 | 60470 | 64540 | 69318 | 74601 | 79052 |
| 4156 | 8836 | 13344 | 17827 | 22930 | 27661 | 32690 | 37236 | 41475 | 47233 | 51924 | 56284 | 60480 | 64569 | 69423 | 74665 | 79124 |
| 4239 | 8864 | 13347 | 17831 | 22941 | 27796 | 32700 | 37803 | 41559 | 47310 | 52154 | 56389 | 60546 | 64693 | 69449 | 74682 | 79181 |
| 4261 | 8900 | 13371 | 18106 | 22950 | 27800 | 32719 | 37988 | 41602 | 47344 | 52221 | 56552 | 60676 | 64876 | 69602 | 74689 | 79191 |
| 4279 | 9120 | 13451 | 18123 | 23040 | 27844 | 32790 | 38108 | 41712 | 47365 | 52240 | 56571 | 60695 | 64924 | 69720 | 74727 | 79290 |
| 4313 | 9258 | 13522 | 18131 | 23048 | 27918 | 32801 | 38146 | 41863 | 47435 | 52352 | 56723 | 60734 | 65027 | 69787 | 74740 | 79333 |
| 4332 | 9302 | 13755 | 18137 | 23095 | 28001 | 32806 | 38178 | 41867 | 47439 | 52451 | 56734 | 60782 | 65062 | 69848 | 74898 | 79379 |
| 4390 | 9317 | 13773 | 18155 | 23132 | 28229 | 32869 | 38246 | 41966 | 47706 | 52466 | 56805 | 60891 | 65112 | 69876 | 74923 | 79491 |
| 4442 | 9493 | 13949 | 18256 | 23268 | 28328 | 33099 | 38282 | 42115 | 47762 | 52492 | 56927 | 60999 | 65131 | 69936 | 74959 | 79740 |
| 4605 | 9507 | 14111 | 18357 | 23362 | 28368 | 33143 | 38381 | 42464 | 47814 | 52647 | 57038 | 61174 | 65263 | 70171 | 74999 | 79829 |
| 4764 | 9609 | 14303 | 18381 | 23374 | 28451 | 33172 | 38394 | 42490 | 48013 | 52657 | 57227 | 61227 | 65461 | 70298 | 75017 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 22. júlí 2019
Birt án ábyrgðar um prentvillur

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Fagnar komu landsliðsfyrirliðans

**Fyrirliði kvennalandsliðsins í knattspyrnu, Sara Björk Gunnarsdóttir, er komin í stjórn Leikmannasamtaka Íslands. Hún og Berglind Björg Gunnarsdóttir eru nýjustu meðlimir stjórnarinnar. Framkvæmdastjóri samtakanna fagnar komu þeirra.**

**FÓTBOLTI** „Glugginn er opinn og þetta eru klárlega stærstu félagaskiptin,“ segir Kristinn Björgúlfsson, framkvæmdastjóri Leikmannasamtaka Íslands, léttur í lund en hann fékk heldur betur liðsstyrk í gær þegar landsliðskonurnar Sara Björk Gunnarsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir gengu í stjórnina. Fyrir voru þar Arnar Sveinn Geirsson, leikmaður Breiðabliks, Hafdís Hinriksdóttir og Grímur Óli Geirsson.

Kristinn segir að þær Sara og Berglind hafi báðar mikinn metnað fyrir hönd leikmanna og vilji taka þátt í því að standa vörð um hagsmuni þeirra. Markmið leikmannasamtakanna er jú að sinna og vekja athygli á málefnum leikmanna og gæta að hagsmunum þeirra. Þeir leikmenn sem eru spilandi eiga, að mati samtakanna, að láta sig málin varða bæði fyrir sig og leikmenn framtíðarinnar til að gera allt umhverfi íþróttanna betra.

„Þetta er sterkt fyrir okkur sem samtök að fá landsliðsfyrirliða kvenna þarna inn og sterkt fyrir stelpur að þær sjái að við séum líka að hugsa um þeirra hagsmuni. Þetta með Söru kemur út frá þeirra ósk að við hjálpum landsliðsstelpunum að semja við KSÍ. Berglind hefur fengið þjónustu hjá okkur og veit hvað við gerum og hvað við getum gert og hversu mikilvægt starfið er.“



Kristinn Björgúlfsson, framkvæmdastjóri Leikmannasamtaka Íslands, horfir björtum augum á framtíð samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Berglind var á mála hjá Verona á Ítalíu þar sem atvinnumannsdraumurinn varð að martröð. Ítalska liðið braut ítrekað á samningi hennar og Örnu Sifjar Ásgrímsdóttur. Launin voru ekki greidd á réttum tíma og fyrstu vikurnar bjuggu þær í lítilli íbúð með fjórum öðrum leikmönnum þar sem þær deildu rúmi. Einn samherji þeirra svaf frammi á gangi. Vandræði voru með hitann í íbúðinni og í þokkabót lak hún.

Þjálfarinn vildi ekki að leikmenn brostu á æfingum og þær eyddu hátt í 30-40 þúsund krónum í 3G í símanum því ekkert var netið. Þær voru báðar í fjarnámi á Íslandi sem fer einungis fram á netinu. Svona mætti lengi telja.



Berglind leitaði til Leikmannasamtaka Íslands sem höfðu samband við samtökin á Ítalíu og hjólin fóru að snúast þótt þau snerust hægt. „Ég var í miklu sambandi við Kristin sem hjálpaði okkur mikið úti á Ítalíu. Mér finnst geggjað að vera komin inn í þetta til að aðstoða aðra leikmenn. Núna hefur maður reynslu ef eitthvað kemur upp á hjá þeim,“ segir Berglind og bætir við að hún sé virkilega spennt fyrir væntanlegu hlutverki.

Kristinn segir að það sé jákvætt skref að fá leikmenn sem séu að spila til að taka þátt í starfinu. „Þetta er skref í þá átt sem við erum að taka með FIFPro, Alþjóðlegu leikmannasamtökunum. Þeir vilja að við séum með fleiri leikmenn sem eru að spila í stjórninni. Það er því frábært að fá þær og Arnar Svein.“

> **Þetta er sterkt fyrir okkur sem samtök að fá landsliðsfyrirliða kvenna þarna inn og sterkt fyrir stelpur að þær sjái að við séum líka að hugsa um þeirra hagsmuni. Þetta með Söru kemur út frá þeirra ósk að við hjálpum landsliðsstelpunum að semja við KSÍ.**
>
> Kristinn Björgúlfsson, framkvæmdastjóri Leikmannasamtaka Íslands

Aðspurður hvort samtökin séu með nóg af málum á sinni könnu segir Kristinn að málin hafi þróast í rétta átt frá því hann stofnaði samtökin fyrir rúmlega fimm árum. „Það er miklu meira samstarf núna milli okkar og félaganna í landinu. Samstarf á milli okkar og KSÍ er orðið mun betra og við erum farin að vinna meira saman.

Það hefur sýnt sig að það var vöntun á þessum samtökum og ef allt gengur upp þá náum við inn í FIFPro sem er mikilvægt, ekki bara fyrir okkur heldur alla leikmenn á Íslandi. Þá höfum við meiri stuðning og meira fjármagn. Við erum enn svolítið í sjálfboðavinnu en við sjáum möguleikann á að ráða starfsmann og jafnvel vera með skrifstofu þegar við göngum í raðir FIFPro.“

**benediktboas@frettabladid.is**

# Gaupi segir það dellu hjá leikmönnum að gefa ekki kost á sér

**HANDBOLTI** Íþróttafréttamaðurinn og einn helsti handboltasérfræðingur landsins, Guðjón Guðmundsson, er ekki sáttur við Hauk Þrastarson, Teit Örn Atlason, Svein Andra Sveinsson og Arnar Frey Guðmundsson sem gáfu ekki kost á sér til að spila á HM U21 árs liða.

„Það er pirrandi þegar ungir leikmenn gefa ekki kost á sér í U21 í handbolta. Man ekki eftir því að þessi staða hafi komið upp á Íslandi. Kannski of góðir í þetta verkefni. Della,“ sagði Gaupi á samskiptaforritinu Twitter og bætti sínu merki við. Eina.

Haukur og Teitur hafa verið í A-landsliðinu undanfarna mánuði og spiluðu á HM í Danmörku og Þýskalandi í janúar. Viktor Gísli Hallgrímsson, sem einnig hefur verið í A-landsliðinu í síðustu leikjum, flýgur hins vegar með liðinu til Spánar.



**Teitur Örn Atlason.**

## Landslið Íslands U21 í handbolta

**Markverðir:**
Andri Sigmarsson Scheving, Haukar
Viktor Gísli Hallgrímsson, GOG

**Aðrir leikmenn:**
Ásgeir Snær Vignisson, Valur
Bjarni Ófeigur Valdimarsson, FH
Daníel Örn Griffin, KA
Darri Aronsson, Haukar
Elliði Snær Viðarsson, ÍBV
Gabríel Martinez Róbertsson, ÍBV
Hafþór Már Vignisson, ÍR
Hannes Grimm, Stjarnan
Jakob Martin Ásgeirsson, FH
Kristófer Andri Daðason, HK
Orri Freyr Þorkelsson, Haukar
Sigþór Gunnar Jónsson, KA
Sveinn José Rivera, Valur
Örn Vésteinsson Östenberg, Amo Handboll

**Þjálfari:** Einar Andri Einarsson
**Aðstoðarþjálfari:** Sigursteinn Arndal
**Liðsstjóri:** Hrannar Guðmundsson
**Fararstjóri:** Stefán Þór Sigtryggsson
**Sjúkraþjálfari:** Stefán Baldvin Stefánsson

> **Man ekki eftir því að þessi staða hafi komið upp á Íslandi. Kannski of góðir í þetta verkefni. Della.**
>
> Guðjón Guðmundsson
> Íþróttafréttamaður

Liðið er með Þýskalandi, Noregi, Danmörku, Argentínu og Síle í riðli en fjögur efstu liðin fara áfram í 16-liða úrslit. Mótið fer fram á Spáni síðar í júlí.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 11. JÚLÍ 2019

## Tíska



Katla Einarsdóttir förðunarmeistari hefur starfað með draglistamönnum á Íslandi síðastliðin 25 ár. Katla segist hafa lesið í ýmsum bókum drag að dragið komi frá þeim tíma sem Shakespeare var uppi, en þá máttu konur ekki stíga á svið og því voru karlar látnir leika kvenhlutverk. →8

Mömmumatur og meira til!



Hlaðborð alla virka daga
Kynningarverð 1.990 kr.

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat
6-12 ára hálft verð, frítt fyrir
þau yngstu

Opið 11-21 virka daga

Matarbarinn
Heimilismatur – Mom's food

Laugavegi 178 – matarbarinn.is




Hildur Sif fann gulu peysuna úti í Þýskalandi. Hún tók eftir henni úr fjarska og það var ást við fyrstu sýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tíska hefur alltaf verið skrýtið fyrirbæri

Hildur Sif Guðmundsdóttir er mörgum kunn sem meðlimur Áttunnar. Hún var valin inn úr hópi umsækjanda fyrir rúmu ári. Fyrir þann tíma var Hildur algerlega óþekkt en hún segir undanfarið ár hafa haft mikil áhrif á líf sitt. →?

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Það var auglýst eftir fólki í Áttuna í fyrra og ég ákvað bara að prófa að sækja um. Ég fór í áheyrnarprufur fyrir framan dómara og þurfti að sanna mig og af hverju ég ætti að komast inn. Svo ég bara sannaði mig, svona í stuttu máli,“ segir Hildur um aðdraganda þess að hún hefur undanfarið ár glatt fólk á samfélagsmiðlum með skemmtilegum sketsum og ýmsu gríni.

„Ég gerði svona gríngaldrabragð sem ég sá í Family Guy. Þeim fannst það bara sjúklega skemmtilegt svo ég komst áfram í viðtal og fékk svo vinnuna,“ segir Hildur.

Hópurinn fór beint í að gera stuttmynd sem heitir Einn séns og lag með sama nafni. Eftir það fylgdu reglulegir sketsar sem hópurinn birti á samfélagsmiðlum, fleiri lög og ýmiss konar uppákomur. „Ég hef kynnst frábæru fólki í gegnum þetta og finn að ég hef mikinn áhuga á samfélagsmiðlafjölmiðlun, sem er ný tegund af fjölmiðlun. Ég ætla klárlega að halda áfram í fjölmiðlageiranum í framtíðinni,“ segir Hildur.

## Það heitasta síðan ristað brauð

Hildur hefur vakið athygli fyrir flottan fatastíl en í Áttunni hefur hún frjálst val um hverju hún klæðist. „Svo framarlega sem ég er ekki að auglýsa nein merki,“ útskýrir hún.



Hildur Sif segir þennan jakka vera í miklu uppáhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Spari- og hversdagskjóllinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Tíska hefur alltaf verið skrýtið fyrirbæri fyrir mér. Þegar ég var yngri þá vildi ég aldrei klæðast eins og aðrir, ég vildi aldrei fylgja straumnum. Þegar ég var svona 13 ára þá mætti ég í skólann í bleikri peysu og bleikum buxum og fannst ég það heitasta síðan ristað brauð,“ segir Hildur hlæjandi.

Hún segir að hún eigi eina uppáhaldsflík sem eru smekkbuxur. „Mér finnst alltaf svo gaman að klæðast þeim því ég fæ svo misjöfn viðbrögð þegar ég er í þeim. Fólk einhvern veginn býst ekki við því að ég klæðist þannig buxum.“

## Stefnir á nám í fjölmiðlun

Í mars breyttist Áttan og hætti að vera fjöllistahópur og varð Áttan miðlar. „Við förum að búa til þætti á Instagram. Við erum núna að vinna í sumardagskránni okkar. Sonja Valdin er með þátt þar sem hún fer á allar útihátíðir og Gunnar er með falda myndavél. Ég var með þátt í vor þar sem ég leitaði að Instagramstjörnu Íslands en er ekki með þátt eins og er,“ útskýrir Hildur.

„Mig langar að prófa að víkka hringinn minn aðeins svo í staðinn fyrir að vera bara á Instagram ætla ég að byrja með mína eigin þætti á YouTube. Áttan hefur opnað fyrir mér alls konar tækifæri. Tengslanetið mitt hefur líka stækkað og ég er óhræddari að grípa tækifærin þegar ég sé þau,“ bætir hún við.

Hildur stefnir á nám í fjölmiðlun í Háskólanum á Akureyri í framtíðinni en þarf fyrst að ljúka stúdentsprófi svo í haust sest hún á skólabekk til að klára það. Það verður spennandi að fylgjast með Hildi í framtíðinni en hún á eflaust eftir að láta að sér kveða á einhverjum miðli.




Hildur Sif fékk að prófa rugby-búning fyrir auglýsingu.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


ÚTSALA
MEIRI VERÐLÆKKUN!
40-60%
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Treyjan sem kom, sá og sigraði

**Íþróttamerkið Nike hefur slegið í gegn að undanförnu með frábærum auglýsingum, myndböndum og myndefni sem tengist heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu. Rúmlega helmingur liðanna á mótinu var í búningum frá merkinu og þar á meðal voru sigurvegararnir.**

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Nike var áberandi á heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu sem lauk um síðustu helgi þar sem þær bandarísku stóðu uppi sem sigurvegarar. Nike var styrktaraðili 14 liða af 24 á mótinu og þar af þriggja af fjórum liðum í undanúrslitum. Ásamt því spilaði rúmlega helmingur leikmanna í takkaskóm frá Nike.

Íþróttakonurnar sem kepptu í Nike á þessu heimsmeistaramóti voru frá Bandaríkjunum, Hollandi, Síle, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Frakklandi, Englandi, Noregi, Kanada, Kína, Brasilíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu og Nígeríu.

## Sala sem sló öll met

Bandaríska treyjan var sú sem sló all rækilega í gegn á meðan á mótinu stóð. Um mitt mót var treyja bandaríska kvennalandsliðsins orðin mest selda treyjan á einu tímabili í bæði kvenna- og karlaflokki á heimasíðu Nike. Treyja kvennalandsliðsins fór þannig fram úr landsliðstreyju karlaliðs Brasilíu og Barcelona sem voru áður söluhæstu treyjurnar.

Samkvæmt framkvæmdastjóra Nike, Mark Parker, hefur sala á treyjum landsliðanna aukist um 200 prósent frá síðasta heimsmeistaramóti sem var fyrir fjórum árum.

Kvöldið eftir að Bandaríkin sigruðu Holland í úrslitaleiknum setti Nike í sölu uppfærða treyju með fjórum stjörnum á. Stjörnurnar vísa til fjölda heimsmeistaratitla sem bandaríska kvennalandsliðið hefur unnið. Salan fór gríðarlega vel af stað þar sem treyjan seldist upp í mörgum stærðum, bæði í kvenna-, karla- og barnastærðum.

## Einfaldleikinn bestur

Búningurinn í heild sinni er einstaklega stílhreinn og flottur en hann þykir minna á búninginn sem bandaríska kvennalandsliðið spilaði í árið 1999, þegar það vann sinn annan heimsmeistaratitil. Hvít treyja, hvítar stuttbuxur og hvítir sokkar. Það er ekki verið að flækja hlutina á treyjunni en á ermunum eru tvær rendur, rauð og blá. Bakstykkið á treyjunni er þakið heitum á 50 fylkjum Bandaríkjanna í ljósgráu letri sem sést lítið, en er samt sem áður skemmtilegur fítus. Fyrir ofan merkið þeirra má sjá þrjár stjörnur sem vísa til heimsmeistaratitlana árin 1991, 1999 og 2015. Einnig má finna þrjár stjörnur aftan á búningnum og á stuttbuxunum.

Margir glæsilegir búningar sáust á heimsmeistaramótinu þetta árið en óhætt er að segja að bandaríska treyjan hafi sigrað, líkt og liðið sjálft.




Alex Morgan er án efa ein vinsælasta knattspyrnukona heims. Hún spilar í treyju númer 13 fyrir bandaríska landsliðið. NORDICPHOTO/GETTY



Búningurinn hefur slegið rækilega í gegn. Rose Lavelle skoraði seinna markið í úrslitaleiknum. MYND/GETTY IMAGES



Stjörnurnar setja skemmtilegan svip á buxurnar. NORDICPHOTO/GETTY



Hér má sjá treyjur allra liðanna á heimsmeistaramótinu 2019.



ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

NÝ ROBELL SENDING





Kvartbuxur kr. 6.900.-
Buxur 7/8 lengd kr. 7.900.-
Fleiri litir.Str. 36-52
Útsalan í fullum gangi
40-50% afsláttur
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



AKU
AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
Aukin mýkt við ökkla
GORE-TEX
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
Dempun
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
Custom fit innlegg
Vibram sóli
kvenna/herra
AKU SUPERALP GTX
39.990 kr.
STÆRÐIR 35-48
Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.
Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.
Hafðu AKU með í valinu
Léttir gönguskór / herra/kvenna
AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.
Borgarskór / kvenna
AKU RIVA HIGH GTX
26.990 kr.
Léttir borgarskór / herra
AKU BELLAMONT II MID PLUS
26.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Gönguskór með góðan stuðning kvenna/herra
AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Borgarskór / herra
AKU LEDRO FG MID GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór borgarskór / kvenna
AKU BELLAMONT GAIA GTX
23.990 kr.
fáanlegir í 3 litum
NÝTT
NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / herra
AKU CLIMATICA GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna
AKU CLIMATICA SUEDE GTX
24.990 kr.
Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna
AKU TENGU LOW GTX
27.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG-sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"

# Frændur hanna föt og mála skó

**Frændurnir Smári Stefánsson og Aron Kristinn Antonsson stofnuðu nýlega fatamerkið YEYO Clothing. Þeir selja eigin hönnun. Bæði föt og skó.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Þetta er glænýtt, við byrjuðum bara í júní og vorum þá með markað á Secret Solstice," segir Smári. Hann hannaði fatalínuna sem eins og stendur er tvær flíkur, svört velúrskyrta og motocross-treyja. Eftir sumarið er svo von á úlpu, flíspeysu og jakka. „Ég hef aldrei hannað áður, þetta var bara áhugamál. Ég hélt ég gæti þetta og prófaði bara," segir Smári um ástæðu þess að hann fór út í fatahönnun.

„Ég talaði svo við frænda minn, þar sem hann er mjög myndarlegur og bað hann um að vera módel. Mig vantaði myndir af einhverjum í fötunum," segir Smári. Frændinn, Aron Kristinn, ákvað að slá til og vera með í fatalínunni en hann hafði verið að mála skó með sérstakri leðurmálningu.

„Ég var búinn að vera að fylgja alls konar fólki á samfélagsmiðlum sem var að mála skó og mig langaði að prófa. Svo bara elskaði ég að gera þetta," segir Aron.

Frændurnir voru með bás á Sectret Solstice þar sem þeir seldu fötin og skóna. „Fólk gat komið með eigin skó sem ég málaði eftir óskum fólks eða ég kom með hugmynd fyrir fólkið sjálfur. En svo var ég líka að selja tilbúna skó. Ég er mest að mála leðurskó en fólk var líka að koma með Vans skó til mín, sem eru úr öðruvísi efni. Þá þarf að þynna málninguna. Það er alls konar tækni við það eftir því hvernig efni þú ert að vinna með," segir Aron.

Smári segir að þeir séu að hugsa um að vera með pop-up búð í Reykjavík og selja fötin þar. Þeir eru með bíl sem þeir myndu þá leggja á mismunandi stöðum og auglýsa viðburðinn á samfélagsmiðlum. „Þetta er svona hugmynd en við eigum eftir að skipuleggja þetta betur," segir hann og bætir við að þeir hafi selt ágætlega af fötum og skóm á Secret Solstice þar sem þeir voru staddir með bílinn.

„Fólk hefur líka verið að hafa samband við mig eftir Solstice og biðja mig að mála skó og ég hef verið að taka inn skó og mála þá. Ef við setjum upp svona pop-up búð þá myndi ég vera með málninguna mína þar og fólk getur mætt með skóna en ég verð líka með tilbúna skó."

Hægt er að skoða fatalínuna á yeyoclothing.com en vefsíðan er í vinnslu. Einnig er hægt að fylgja YEYO á Facebook og Instagram.




Frændurnir Aron Kristinn Antonsson og Smári Stefánsson ferðast með hönnun sína á sérmerktum bíl.



Aron málar skó með sérstakri leðurmálningu.



Fatalínan samanstendur af svartri velúrskyrtu og motocross-treyju. Vetrarföt eru væntanleg.

> **Ég hef aldrei hannað áður, þetta var bara áhugamál.**
>
> **Smári Stefánsson**


## SÖFN Á ÍSLANDI

Laugardaginn 20. júlí gefur Fréttablaðið út sérblaðið Söfn á Íslandi.

Í þessu skemmtilega blaði ætlum við að fræðast um þá fjölbreytilegu flóru sem Ísland hefur upp á að bjóða í söfnum og sýningum.

Það er sífellt stærri hópur sem hefur áhuga á íslenskri menningu og sögu og þetta því frábært tækifæri til að kynna ykkar safn og það sem efst er á baugi hjá ykkur í sumar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

Ruth Bergsdóttir sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 694 4103 / ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


GSI OUTDOORS
KLÁR Í ÚTILEGUNA
Brennari fyrir gas 8.190 kr.
Brennari fyrir gas/vökvagas 12.990 kr.
Brennari fyrir gas 5.090 kr.
Tveggja manna sett 1.8L pottur, skálar, glös ofl. 14.590 kr.
Drykkjarkanna fyrir heita og kalda drykki 2.390 kr.
Ferðaflöskur fyrir sósur og vökva 2.990 kr.
Glæsilegt ferðasett 9.690 kr.
Gaskútur 450g 1.890 kr.
Tveggja manna sett 1.4L pottur, skálar, glös ofl. 12.790 kr.
Léttur bolli 1.790 kr.
Diskasett fyrir einn 4.890 kr.
Glæsilegt hnífasett, skurðarbretti o.fl. 6.390 kr.
Gaskútur 230g 1.090 kr.
Gaskútur 110g 890 kr.
Kaffikönnur
9 bolla 8.590 kr.
6 bolla 6.590 kr.
3 bolla 5.590 kr.
2 Vínglös
(hægt að taka í sundur)
2 rauðvínsglös 3.990 kr.
Microlite brúsar, halda heitu og köldu
0,5L brúsi 5.490 kr.
0,7L brúsi 6.390 kr.
Tveggja manna ferðasett með brennara 22.990 kr.
Frábært sett pottar, panna ofl. 14.590 kr.
12" steikarpanna 3.090 kr.
Pressu-könnur
1480ml. 10.090 kr.
591ml. 7.090 kr.
887ml. 7.390 kr.
Hnífapör fyrir einn 2.190 kr.
Glacier 0,5L brúsi 6.190 kr.
Löng skeið fyrir matseldina 1.090 kr.
Ferðasett fyrir einn, brennari, pottur ofl. o.fl. 16.490 kr.
Vatnspokar
Ekkert plastbragð
10L 1.690 kr.
15L 1.890 kr.
20L 1.990 kr.
Stór ferðapottur 5,9L 22.990 kr.
Teketill 1L 4.590 kr.
Teketill 1,8L 5.790 kr.
Ferðakanna fyrir heita drykki 3.590 kr.
Glacier 1L brúsi 7.890 kr.
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram
GG•sport
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata 200 Kópavogi, sími: 571 1020, www.ggsport.is
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

# Ýkja til að sjást á sviðinu

**Aðdáendahópur draglistafólks stækkar og dragið hefur æ meiri áhrif á tískustrauma í heiminum.**




Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is


Draglistin á sér lengri rætur í sögunni heldur en margir gera sér grein fyrir. Katla Einarsdóttir förðunarmeistari hefur starfað með draglistamönnum á Íslandi síðastliðin 25 ár. Katla segist hafa lesið í ýmsum bókum um drag að dragið komi frá þeim tíma sem Shakespeare var uppi, en þá máttu konur ekki stíga á svið og því voru karlar látnir leika kvenhlutverk. „Þaðan kemur skammstöfunin, „dressed as a girl“ eða drag. Drag er í grunninn leiklistarform,“ segir Katla.



Katla er þekkt fyrir að vera með mikla og áberandi förðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Tískan hermir eftir dragi

Það er ekki að ástæðulausu sem draglistafólk er oftast með ýkta förðun. Á sviðinu eru sterk ljós notuð og það þarf að gæta að því að áhorfendur á aftasta bekk sjái eitthvað. Andlit og svipbrigði sýningarfólks geta týnst ef förðunin er ekki nógu ýkt, hvort sem um er að ræða dragsýningar eða ekki.

Draglistafólk hefur haft margbreytileg áhrif á tískustrauma. Katla segir að oft taki draglistafólk tískufyrirbrigði eða gamla leikhústækni í förðun og ýki hana. „Svo er tískubransinn að horfa á dragið og herma eftir því. Þannig að þetta er eiginlega hringrás.“

Það má segja að draglistafólk hafi óbeint komið því í tísku að skyggja andlitið, eftir að Kardashian-konurnar fóru að sjást á miðlum með slíka förðun. Margir förðunarfræðingar eru ósammála um ágæti þess að skyggja andlitið í daglegri förðun, enda kemur sú tækni úr dragheiminum og þessi förðunartækni er mjög ýkt til að virka á sviði. „Ég skil það alveg og er sammála, verandi förðunarmeistari sjálf.“

### Veita förðunarfræðingum Kardashian-systra innblástur

Kötlu finnst spennandi að heyra hvað stór nöfn í förðunarlistinni segja um þessa tækni og bera saman hvað poppkúltúr förðunarfræðingum finnst. „Það eru þeir sem eru með Instagram- eða YouTube-síður og eru að farða raunveruleikastjörnur. Þeir eru eiginlega jafn frægir og stjörnurnar sjálfar og nota þessa tækni mikið.“

Ástæðan fyrir því að þessi tækni er svona vinsæl meðal förðunarfræðinga raunveruleikastjarna er sú að stjörnurnar eru eltar af hágæðamyndavélum daginn inn og út. Förðunarfræðingar Kardashian-kvenfólksins eru fullmeðvitaðir um að skyggingin kemur úr draglistinni að sögn Kötlu. „Þær þurfa svona mikla förðun til að virka eðlilegri í mynd. Við hin labbandi út í búð eða farandi í Kringluna þurfum ekki jafn þykkt og mikið lag af farða.“ Þó getur fólk notað þessa tækni dagsdaglega, en ekki með jafn ýktum hætti. „Förðunarfræðingar í tískubransanum nota þessa tækni líka en ekki í eins ýktum stíl.“

Ef allir væru með fimm lög af förðun dagsdaglega þá litu allir út eins og dragdrottningar. „Það þarf að finna meðalveginn.“ Tilgangurinn með daglegri förðun er kannski ekki að fólk taki bara eftir hvað förðunin er flott heldur hvað maður sjálfur er flottur. Sjálf notar Katla ekki fimm lög af farða á venjulegum degi. „Ég skal alveg vera með fullt af áberandi förðun, ég er alveg þekkt fyrir það. En ég er ekki með þykkt og mikið lag. Það er alltaf hægt að blanda förðuninni miklu betur þegar maður er ekki uppi á sviði með mörg hundruð þúsund megavött af ljósi framan í sér.“

### Af hverju ekki að leika sér

Katla segir að draglistafólk hafi sérstaklega haft áhrif á förðunina en líka hárgreiðslu og klæðnað sem er oft ekki síður í ýktum stíl. „Þú getur hreinsað förðunina af og litað yfir hárið, og af hverju ekki að leika sér með það.“ Sú óskrifaða regla að bara megi leggja áherslu á eitt atriði í einu þegar kemur að fatavali og förðun er líka að detta út með draginu, enda er oft lögð áhersla á öll atriðin meðal draglistafólks. „Fólk er farið að þora að leggja áherslu á fleiri hluti, vera með geðveikt hár, augu, munn og fullt af skarti. Fólk er farið að leika sér aðeins meira með hlutina.“



Dragdrottningar eru oft með nokkur gerviaugnhár í einu.



Þökk sé vinsældum drags er fólk orðið djarfara í förðun og fatavali.

### Tískan leitar í jaðarinn

Það kemur Kötlu ekkert á óvart að dragið hafi áhrif á tísku. „Tískan leitar oft í jaðarinn,“ önnur dæmi en drag eru pönkið, diskóið og rappið. „Tískan leitar í það sem er á jaðrinum en er að stækka og verða vinsælt.“

Þó dragið sé að komast í almenna tískustrauma er það þó bara einn hluti draglistarinnar. „Það er dragið sem við sjáum í Rue Paul's Drag Race. Margir innan draglistarinnar segja að dragdrottningarnar þar séu eiginlega bara sendar út á færibandi því þær eru margar svo svipaðar. Þær eru með svipað lúkk, fataefni og pælingar, en keppnin í sjónvarpsþáttunum er líka mjög fastmótuð og strangar reglur um í hverju þær mega keppa í og hvernig þær mega performa.“

Á móti því kemur hverfisdraglistin sem á svið á minni skala og meira listfrelsi. „Það er enn á jaðrinum og dragdrottningarnar þar eru ekkert endilega allar með fimm hárkollur og andlitsskyggðar í drasl.“

Dragsúgur hefur verið mest áberandi í dragsenunni á Íslandi með fjölbreyttum mánaðarlegum sýningum. Þar koma fram dragdrottningar, non binary listamenn og dragkóngar til dæmis. Katla segir að aðdáendahópur íslensku draglistamannanna sé að stækka og hún hefur fulla trú á að íslenska dragið verði enn vinsælla.

### Drag er dýrt

Þegar Dragsúgur byrjaði að sýna var fyrst ekki áætlað að halda mánaðarlegar sýningar, en úr því að fyrsta sýningin gekk svo vel hafa sýningarnar haldið áfram.

Sýningar Dragsúgs hafa selst upp flest öll kvöld og fólk í stórum hópum farið að kaupa miða í forsölu. „Það er mögnuð breyting á Íslandi. Það er auðvitað oft uppselt á stóra viðburði eins og jólatónleika eða þegar einhverjar erlendar stórstjörnur koma, en það að mánaðarleg sýning á Gauknum með draglistamönnum sé svona oft uppseld og geti selt nánast allt í forsölu er yndislegt.“

Hér á landi eru draglistamenn enn að stíga fyrstu skrefin í tískumótuninni hjá sjálfum sér að sögn Kötlu. „Það er rosalega dýrt að vera í dragi og það er ekki vel borgað nema hjá örfáum.“ Þess vegna byrja margir draglistamenn á því sem er auðveldara og ódýrara. Þá hentar betur að vera með áberandi förðun og hár, en brjáluð föt koma seinna.

Þó eru nokkrir draglistamenn byrjaðir að hafa áhrif á fatatísku hér á landi. Sumar dragdrottningarnar og dragkóngar sem eiga sterkan aðdáendahóp hafa verið með fatasölu nokkrum sinnum. Katla segir að þá hafi fullt af aðdáendum draglistafólksins mætt til geta klæðst þeirra fötum.

### Marc Jacobs elskar drag

„Úti í hinum stóra heima hafa nokkrar dragdrottningar gengið tískupallana fyrir stóru nöfnin, og verið í herferðum sem dragdrottningar eða herraútgáfan af sjálfum sér. Það eru nokkrar dragdrottningar sem hafa komist það langt og virkilega gaman að því. Margir af aðalhönnuðunum í tískubransanum elska drag og eru alveg að fylgjast með því.“ Marc Jacobs hefur til dæmis verið duglegur við að nota dragdrottningar í herferðum sínum að sögn Kötlu.

„Hann hefur líka nokkrum sinnum leyft dragdrottningum að mála sig og farið sjálfur í drag fyrir viðburði, YouTube, eða bara til að leika sér.“ Á þeim 25 árum sem Katla hefur unnið í dragi hefur hún séð vinsældir drags koma í bylgjum. Hún telur að þó það komi einhvern tímann niðursveifla eftir uppsveifluna sem er í gangi núna verði dragið alltaf til. Draglistin hefur fengið að lifa í langan tíma og virðist vera komin til að vera.







# EIN STÖK FLÍK

# 50%

afsláttur



Seljum stakar flíkur í versluninni á **50**%
Geggjaðar hönnunarflíkur frá
RUNDHOLZ og Moyuru

YAYA fatnaður **40**% afsláttur
Lofina skór **30**% afsláttur
Lofina sandalar **40**% afsláttur
ANTIPODES snyrtivörur **30**% afsláttur
Loqi pokar **30**% afsláttur

Fylgstu með á facebook  þar eru fersk tilboð að koma inn á hverjum degi

BÓEL • SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 8341809 • BOEL • BOELISLAND

# Hörku sólgleraugu hjá Armani

Það var mikil stemming á tískusýningu Giorgio Armani í Mílanó á dögunum. Herrafatnaðurinn vakti mikla athygli að ekki sé talað um sólgleraugun sem þóttu töff. Armani sýndi vor- og sumarlínuna fyrir 2020 og þótti hún einkennast af klassík og frumleika. Meðal gesta var leikarinn Samuel L. Jackson sem hefur gengið í Armani-fötum frá árinu 2000. „Ég hafði lengi haft dálæti á Armani en hafði ekki efni á merkinu á meðan ég var ungur og fátækur leikari," sagði hann. Jackson segir að móðir hans hafi þó alltaf klætt hann vel svo eftir var tekið þegar hann var barn. „Hún hafði mig alltaf í klassískum og flottum stíl."

» Herratíska Armani fyrir næsta sumar vakti mikla athygli í Mílanó á dögunum. Ekki síst sólgleraugun sem voru frumleg.

Litir sem voru best áberandi á sýningunni voru grár, blár og ólífugrænn. Meðal annarra frægra gesta á sýningunni voru Richard Madden og Alexander Skarsgård.



Sólgleraugun sem Giorgio Armani kynnti fyrir sumarið 2020 í Mílanó.



Chanel er með þennan fallega stráhatt í sinni sumarlínu. Þessi hentar vel á sólarströnd.

## Sumarhattar vinsælir

Íslenskar konur eru ekki þekktar fyrir að ganga með hatt ólíkt þeim bresku. Engu að síður eru hattar vinsælir í sumar. Þær konur sem eru á leið til sólarlanda ættu endilega að huga að þessum fallegu tískuhöttum enda henta þeir mjög vel í hitanum og verja andlit og hár fyrir geislum sólar. Þessi hattur á myndinni er úr sumarlínu Chanel fyrir sumarið 2019. Frekar óvenjulegur stráhattur með miklum börðum sem hentar mjög vel fyrir strandferðina.



Á leið í brúðkaup í dressi og með hatt frá Maison Common.

Flestir hattar sem kynntir voru af tískuhúsum fyrir sumarið eru stórir í mismunandi útfærslum og litum. Í Bretlandi fer engin kona í brúðkaup án þess að bera höfuðfat. Það hefur lengi tíðkast og konur keppast við að vera með sem skrautlegast höfuðfat. Hattar sem hannaðir eru fyrir brúðkaup og aðra viðburði þar sem hattar þykja sjálfsagðir eru oft skreyttir blómum og eru litríkir. Svo er ekki sama hvort hatturinn er ætlaður til að nota að degi til eða kvöldi. Einnig getur klæðnaðurinn skipt máli þegar hattur er valinn.

Það þykir vera ákveðinn glæsileiki yfir konu með hatt og er þeim ósjaldan hrósað fyrir glæsileika.



# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Húsbílar



FIAT Hobby T70 árg. 2017. Ekinn 17 þús. km. Sjálfskiptur og hlaðinn aukabúnaði. 2 rúm. Glæsilegur bíll. Er til sýnis hjá Vagnahöllinni. Verð 11.500 þús. Engin skipti. Uppl. í síma 777-6766

### Hjólhýsi



Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg '90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, frekari upplýsingar í síma 699-4329

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til bygginga

Ýmsar stærðir af notuðu timbri, steypustyrktarjárn,stálstoðir og dokasetur til sölu. staðsett við Þingvallarvatn. Uppl s:893-3475

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir smið í vinnu eða manni vönum smíða vinnu. Looking for a carpenter or a man used to carpenter work (english speaking) upplýsingar í síma 893-5374 eða nybyggd@simnet.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg starfsmannaveita
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | handafl.is



**Honda CR-V Lifestyle**
Nýskráður 7/2012, ekinn 102 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.890.000
Allt að 100% fjármögnin í boði



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 3/2017, ekinn 74 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.990.000
Afborgun kr. 51.011 á mánuði



**Honda Civic Tourer**
Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.590.000
Afborgun kr. 33.168 á mánuði



**Honda Civic Sedan**
Nýskráður 10/2017, ekinn 18 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð kr. 3.090.000
Afborgun kr. 39.540 á mánuði



**Honda Civic Prestige**
Nýskráður 12/2018, ekinn 8 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.890.000
Afborgun kr. 49.736 á mánuði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**EIGNAMIÐLUN**
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**LÁGALEITI 7, 103 REYKJAVÍK**



TIL LEIGU

Ný fullbúin 53 fm íbúð á efstu hæð með 16 fm svölum. Ískápur og uppþvottavél fylgja. Leiga 210 000 kr.
**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. hilmar@eignamidlun.is**




FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


**Sveitarfélagið ÁRBORG**

## Lýsing skipulagsverkefnis í landi Bjarkar og Jórvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélags Árborgar 2010-2030 og gerð deiliskipulags í landi Bjarkar og Jórvíkur sunnan við íbúðarbyggðina á Selfossi.
Fyrirhugað er að gera afmarkaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samhliða gerð nýs deiliskipulags sem felur í sér að stækka svæði íbúðabyggðar sunnan við Selfoss í tengslum við ný skipulagt íbúðarsvæði „Björkurstykki" í landi Bjarkar. Í ljósi afmörkunar verkefnisins og beinna tengsla fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar við fyrirhugað deiliskipulag er lögð fram í einu skjali lýsing á báðum stigum skipulags, þ.e.a.s. aðal- og deiliskipulags. Svæðið sem fyrirhuguð breyting nær til er liðlega 34 ha. að stærð og liggur sunnan við núverandi byggð og suðaustan við nýlega skipulagt íbúðarsvæði svokallað Björkurstykki. Svæðið nær til tveggja jarða, Björkur í eigu Sveitarfélagsins Árborgar og Jórvíkur 1 í eigu einkaaðila. Skipulagsbreytingin er gerð í samráði beggja aðila.

Lýsing á umræddum skipulagsverkefnum mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 26. júlí 2019.
Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins http://www.arborg.is.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*


Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


**Sveitarfélagið ÁRBORG**

## Tillaga að deiliskipulagsbreytingu hluta Austurbyggðar á Selfossi

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi hluta Austurbyggðar á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreytingin nær til allra lóða við Engjaland sem eru vestan við Austurhóla og norðan við Akurhóla, og nær til eftirfarandi: Leikskólalóðin við Engjaland 21 er færð nær fyrirhuguðu leiksvæði við Grundarland til að koma í veg fyrir skuggavarp frá fyrirhuguðum fjölbýlishúsum og er stækkuð um 892 m2. Parhúsalóðinni við Engjaland 1-3 er breytt í raðhúsalóð og verður Engjaland 1-5. Parhúsalóðinni við Engjaland 5-7 verður breytt í raðhúsalóð og verður Engjaland 7-11. Raðhúsalóðin við Engjaland 9-15 verður óbreytt en verður Engjaland 13-19. Fjölbýlishúsalóðum fjölgar úr 4 í 8 og eru við Engjaland 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 16. Við þessa breytingu fjölgar íbúðum við Engjaland úr 152 í 220, einnig breytist aðkoma að öllum fjölbýlishúsalóðunum. Að öðru leyti gilda eldri skipulagsskilmálar.

Teikningar ásamt greinargerð vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 11. júlí 2019 til og með fimmtudeginum 22.ágúst 2019. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 22. ágúst 2019 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@arborg.is.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*


Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055




**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
ÞREKTÆKI

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 – 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



www.bernhoft.is

**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr.
og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



www.bernhoft.is

**Dáleiðsla**
Sigrast á flughræðslu,
hætta að reykja, betri svefn,
betri almenn líðan.

**Ingibjörg Bernhöft**
sjúkraliði og dáleiðslukennari
s. 863 8902 ibernhoft@gmail.com


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is


ÁFRAM GAKK!
Frábært úrval af gönguskóm frá Meindl, Scarpa, Lowa og The North Face.
20% afsláttur af öllum útivistarskóm til 17. júlí.*
Memory Foam tækni sem lagar sig að fætinum.
Meindl er einn þekktasti gönguskóframleiðandi í Evrópu.
Verð 59.990 kr. Tilboðsverð 47.992 kr.
Meindl Island Rock GTX herraskór.
Ný gerð af vinsælustu gönguskónum okkar.
Sérlega góður ökklastuðningur.
Meindl Island Rock er nýr skór sem er þróaður út frá Meindl Island skónum vinsæla.
Leður með Gore-tex vatnsvörn.
Tvöfaldur sóli sem tryggir öruggt grip og góða endingu.
Gerður fyrir grófa og erfitt landslag. Það er ekki tilviljun að skórinn heitir einmitt eftir Íslandi.
Verð 39.990 kr. Tilboðsverð 31.992 kr.
Meindl Kansas GTX fyrir herra og dömur.
Alhliða leðurgönguskór.
Verð 39.990 kr. Tilboðsverð 31.992 kr.
TNF Hedgehog Mid GTX herraskór.
Léttir leðurskór.
Verð 26.990 kr. Tilboðsverð 21.592 kr.
TNF Hedgehog Mid GTX dömuskór.
Léttir leðurskór.
Lowa Renegade Mid GTX
fyrir herra og dömur. Léttir og liprir gönguskór.
Verð 33.990 kr. Tilboðsverð 27.192 kr.
TNF Hedgehog GTX dömuskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Tilboðsverð 19.192 kr.
TNF Hedgehog GTX herraskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Tilboðsverð 19.192 kr.
20% AFSLÁTTUR TIL 17. JÚLÍ
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Einar Bogi Sigurðsson**
Suður-Reykjum 3,
Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 15. júlí kl. 15.

**Kristján Ingi Jónsson**
**Ágúst Rafn Einarsson** **Rakel Guðmundsdóttir**
**Matthías Einarsson** **Clare Patricia Dilworth**
**Erna Einarsdóttir**
**Sigurður Ágúst Finnbogason** **Guðríður Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Garðar Guðmundsson**
kaupmaður í Björnsbúð, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri sunnudaginn 7. júlí.
Útförin verður gerð frá Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 16. júlí kl. 14.00. Starfsfólki Eyrar eru færðar þakkir fyrir alúðlega umönnun.

**Jónína Jakobsdóttir**
**Björn Garðarsson og Margrét Sverrisdóttir**
**Jakob Falur Garðarsson og Vigdís Jakobsdóttir**
**Atli Garðarsson**
**Sverrir Falur Björnsson og Anna Fríða Gísladóttir, Kristín Björg Björnsdóttir, Dagur Jakobsson og Júlía Jakobsdóttir.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Fjölnir Lúðvígsson**
Stóragerði 1a,
Hvolsvelli,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 8. júlí sl. Útför fer fram frá Guðríðarkirkju, Grafarholti, 15. júlí nk.

**Ingibjörg M. Kristjánsdóttir**
**Dane R. Ludvigsson** **Katherine Brown**
**Rúnar Máni Baldursson** **Karítas Mist Hjartardóttir**
**Birta Líf Fjölnisdóttir** **Gunnar Rafn Pálsson**
**Helga Lind Fjölnisdóttir** **Óskar Heiðar Hansson**
**og barnabörn.**



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, dóttir og systir,

**(María) Björk Albertsdóttir**

sem lést á Spáni 12. janúar síðastliðinn verður jarðsungin frá kapellunni í Fossvogi í dag, 11. júlí, klukkan 15.

**Elí Pétursson**
**Bergur Snorri Salomonsen** **Elí Xavi Bjarkar Elíson**
**Ingibjörg Gísladóttir**
**Albert K. Skaftason** **Emilía Davíðsdóttir**
**Eyvindur Elí Albertsson**
**Gylfi Geir Albertsson**
**Skafti Þór Albertsson**



Sonur minn og bróðir,

**Pálmi Freyr Óskarsson**
Faxastíg 12,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum sunnudaginn 7. júlí. Útför auglýst síðar.

**Óskar Jakob Sigurðsson**
**Matthildur I. Eiríksdóttir**

# Geri eitthvað skemmtilegt

**Tónlistarmaðurinn góðkunni Grétar Örvarsson er sextugur í dag. Hann ætlar að bíða með hátíðahöld af því tilefni þar til síðar þegar sumarfríin eru um garð gengin.**

Tónlistarmaðurinn góðkunni Grétar Örvarsson er sextugur í dag. Hann ætlar að bíða með hátíðahöld af því tilefni þar til sumarfríin eru um garð gengin.

Fyrir akkúrat sextíu árum fæddist lítill snáði austur á Höfn í Hornafirði, inni í svefnherbergi heima hjá ömmu sinni, Signýju Gunnarsdóttur ljósmóður. Þetta var Grétar Örvarsson sem glatt hefur marga með snilli sinni gegnum tíðina, farið hring eftir hring kringum landið í tónleikaferðir með Stjórninni og skorað hátt í Eurovision með Siggu Beinteins.

Grétar segir ræturnar vera á Höfn. „Mamma og pabbi voru bæði fædd á Höfn, pabbi flutti þaðan kringum 1960 en mamma bjó þar til 1983 og ég átti heima þar fyrstu tuttugu ár ævi minnar. Var búinn að stofna hljómsveitir þar með bestu hljóðfæraleikurum staðarins, Ragga Meisa, Sæma Harðar og Birki Birgis sem var á bassanum. Einn veturinn vorum við með hljómsveit í Sindrabæ sem hét Tilbreyting og spiluðum á böllum hverja einustu helgi. Þá voru alltaf böll.“

Þrátt fyrir að ballmenningin í landinu hafi vissulega dalað hefur hin vinsæla sveit Stjórnin gengið í endurnýjun lífdaga. „Við settum allt í gang í fyrra á þrítugasta afmælisárinu, gáfum út nýtt lag og erum búin að spila og syngja linnulaust síðan um páskana 2018,“ segir Grétar og kveðst ánægður með það. „Mér finnst bara svo gaman að spila, það gefur lífinu gildi. Svona var pabbi líka. Hann spilaði eiginlega fram í andlátið eða þangað til hann var orðinn svo veikur að það þurfti að rétta honum harmónikkuna þar sem hann sat.“

*Varst þú eitthvað byrjaður að feta í fótspor hans og skemmta úti á Kanarí?* „Ég tyllti mér þar niður í nokkrar vikur í minningu hans, heimsótti þá sem hann hafði spilað hjá og tók í hljóðfæri þar. Fólki þótti gaman að hitta mig og þá komst ég að því hvað pabbi hafði verið vinsæll, ekki bara meðal Íslendinga, heldur líka Norðmanna og Svía. Hann var eins og kóngur í ríki sínu á Kanarí, þar spilaði hann í 20 ár og leið vel.“

*Heyrðu, verður stuð í dag á afmælinu?* „Fólkið mitt er úti um hvippinn og hvappinn svona yfir hásumarið og sumir búa í útlöndum. Ég ætla því að fresta afmælisveislunni fram í september, þá næ ég frekar að hóa öllum saman. Mamma, Karen Karlsdóttir, átti afmæli í september og því er sá mánuður mér kær. En, ég geri eitthvað skemmtilegt í dag.“



**„Við settum allt í gang í fyrra á þrítugasta afmælisárinu, gáfum út nýtt lag og erum búin að spila og syngja linnulaust síðan um páska 2018,“ segir Grétar um Stjórnina.**

**Einn veturinn vorum við með hljómsveit í Sindrabæ sem hét Tilbreyting og spiluðum á böllum hverja einustu helgi.**

ÞETTA GERÐIST: 11. JÚLÍ 1979

## Geimrannsóknastöðin Skylab fellur til jarðar

Bandaríska geimrannsóknastöðin Skylab í hrundi til jarðar að kvöldi þessa dags árið 1979. Brot úr henni dreifðust yfir stórt svæði yfir Indlandshafi og strjálbýlan hluta Vestur-Ástralíu. Síðasta merki frá stöðinni heyrðist síðdegis þennan dag, þá var yfirborð hennar tekið að flagna af eftir því sem hún nálgaðist jörðu. Dagana áður hafði mikið verið spekúlerað í hvar stöðin myndi lenda. Hún hafði verið úti í geimnum í sex ár, þar af ónotuð í fimm.

Skylab var skotið upp í maí árið 1973 og bjuggu þrjú teymi geimfara í stöðinni, hvert í allt að 84 daga, til að athuga áhrifin sem það hefði á manneskju að dvelja lengi í þyngdarleysi. Geimfararnir rannsökuðu einnig virkni sólarinnar og hvernig hún hefði áhrif á jörðina. Í febrúar 1974 yfirgaf síðasti hópurinn Skylab en síðan misstu vísindamenn stjórn á farinu sem átti samkvæmt öllu að vera áfram á sporbaug til ársins 1980 þegar ný geimskutla átti að koma henni til bjargar.

Eftir að Skylab féll til jarðar hófst mikil leit að brotum úr stöðinni enda voru háar fjárhæðir í boði frá dagblöðum, ástrólskum yfirvöldum og fleirum.



**Geimrannsóknastöðin Skylab.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Björnsdóttir**
Kolding, Danmörku,

lést á Sct. Maria Hospice sjúkrahúsinu í Vejle, Danmörku 2. júlí. Útför hennar fer fram frá Bramdrupdam kirkjunni í Kolding föstudaginn 12. júlí klukkan 13.

**Sigurgeir Skírnisson**
**Skírnir Sigurgeirsson**
**Asbjørn Sigurgeir Skírnisson**
**Fanney Klara Sigurgeirsdóttir** **Mike Agerup**
**Guðrún Helena Sigurgeirsdóttir** **Andreas Simonsen**



Elskuleg móðir, amma, dóttir og systir okkar,

**Sveiney Sverrisdóttir**

lést 15. júní.
Jarðarför fór fram í Færeyjum 22. júní.

**Sverrir Dalsgaard**
**Sigrid Dalsgaard og Oddmar Dam**
**Tórur, Sandra, Bryndis og Chloe**
**Sólveig Þorsteinsdóttir**
**Olga, Kristín og Þórhildur**
**og fjölskyldur.**

# Hollt og gott í Bónus






**259** kr./170 g
**Paprika Ramiro**
170 g, Spánn

**498** kr./1 kg
**Tómatar**
Íslenskir, 1 kg



**198** kr./kg
**Melónur**
í lausu, Spánn



**339** kr./1 kg
**Nektarínur eða Ferskjur**
1 kg, box, Spánn




**498** kr./pk.
**Joy Veg Veganís**
2 teg.




**259** kr./250 ml
**Froosh Smoothie**
2 tegundir, 250 ml




GOTT Í KAFFIÐ
Auðvelt að flóa

**259** kr./1 l
**Yosa Hafradrykkur Rich**
Barista, 1 l

# Nýjar Veganvörur í Bónus

## Pylsur og borgarar á grillið!

PEAS OF HEAVEN




**598** kr./pk.
**Vegan Hakk**
350 g




**598** kr./pk.
**Vegan Borgarar**
2 x 110 g




**598** kr./pk.
**Vegan Grillpylsur**
6 x 50 g




**598** kr./pk.
**Vegan Kokteilpylsur**
250 g




**598** kr./pk.
**Vegan Chorizo pylsur**
5 x 50 g

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 2 |
| Ísafjörður | 14 | 3 |
| Akureyri | 16 | 4 |
| Egilsstaðir | 18 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 2 |
| Hveravellir | 13 | 4 |

Austlæg átt 3-8 og allvíða skúrir í dag, en áfram bjart veður norðaustan til. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 1 |
| Ísafjörður | 12 | 2 |
| Akureyri | 17 | 3 |
| Egilsstaðir | 19 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 1 |
| Hveravellir | 14 | 2 |

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 5 |
| Ísafjörður | 12 | 2 |
| Akureyri | 16 | 1 |
| Egilsstaðir | 17 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 3 |
| Hveravellir | 11 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Krókur
5 Stefna
6 Vörumerki
8 Berja
10 Átt
11 Bókstafur
12 Jurt
13 Rykkur
15 Fimi
17 Véla

**LÓÐRÉTT**
1 Skyrtukragi
2 Berjast
3 Hlóðir
4 Kafmæði
7 Samhliða
9 Kyrtill
12 Geispa
14 Málmur
16 Tveir eins



**LÁRÉTT:** 1 hespa, 5 átt, 6 ss, 8 ljósta, 10 sa, 11 emm, 12 gras, 13 átak, 15 lipurð, 17 narra.
**LÓÐRÉTT:** 1 hálsmál, 2 etja, 3 stó, 4 astma, 7 samsíða, 9 serkur, 12 gapa, 14 tin, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Cortlever átti leik gegn van der Weide í Beverwijk árið 1968.

**1. Hf3!! Dxf3 2. Dg7+ Kh5 3. Dxg6+! hxg6 4. Hh8# 1-0.**
Björn Þorfinnsson og Stefán Steingrímur Bergsson hafa byrjað afskaplega vel á alþjóðlega mótinu í Portoroz. Björn hafði 4½ eftir 5 umferðir en Stefán 4 vinninga.

**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



# LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




**Kynntu þér sumarkjör og ferðapakka sem fylgja nýjum bílum.**

**Sumarkjör og ferðapakkar gilda ekki með öðrum tilboðum.**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



„Lögin verða oftast þannig til að ég byrja við sellóið og útset um leið,“ segir Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



# Ljúf huggun og Fugl/Blubl

**Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari sendir frá sér ljóðabók og geisladisk. Heldur í tónleikaferðalag.**

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari hefur sent frá sér ljóðabókina Fugl/Blupl, sem er önnur ljóðabók hennar en sú fyrsta, USS, kom út 2016. „Ætli það að yrkja sé ekki til helminga göfug hvöt og merkilegheit. Maður er að kveðja sér hljóðs, það gera það allir með einhverjum hætti,“ segir hún.

Spurð hvenær hún hafi byrjað að yrkja segir hún: „Í gagnfræðaskóla lásum við Grettis sögu og þar voru skemmtilegar vísur. Ég hafði pata af því að einhverjum þætti flottast í heimi að geta ort dróttkvæði og fór að baksa við að yrkja slík kvæði.“

Yrkisefnin í ljóðabókinni eru mörg: „Ég yrki um sjálfa mig, Reykjavík, klístraða hluti, sumarið, Þórberg Þórðarson og fleira.“ Af hverju yrkir hún um Þórberg? „Þórbergur er hluti af lífinu. Ég las Sálminn um blómið þegar ég var tólf ára og síðan Eddu og fleiri bækur hans. Þórbergur er fyndinn og mér þykir vænt um bækur hans.“

**Eigin lög og textar**

Steinunn sendir ekki einungis frá sér ljóðabók heldur einnig geisladisk. Diskurinn nefnist Ljúfa huggun og Steinunn er þar hluti af hljómsveitinni Süsser Trost, sem flytur lög og texta alfarið eftir hana sjálfa. Auk Steinunnar eru í hljómsveitinni eiginmaður hennar og vinur, Mathurin Matharel og Brice Sailly, sem leika helst á sembal og selló en Steinunn leikur á gítar og trommur og sér um sönginn. „Á disknum eru nokkur ljóð úr Fugl/Blupl sem ég gerði lög við og syng og svo eru aðrir textar sem finnast aðeins á þessum diski. Þetta er held ég popptónlist. Lögin verða oftast þannig til að ég byrja við sellóið og útset um leið.“




Diskurinn Ljúfa huggun geymir lög og texta eftir Steinunni.

**MÉR FINNST GAMAN AÐ RAÐA SAMAN BACH OG EIGIN TÓNLIST, ÞÓ ÞAÐ TELJIST KANNSKI EKKI LÍTILLÁTT HÁTTALAG.**

**Tónleikaferð um landið**

Steinunn stefnir á tónleikaferð um landið í sumar þar sem hún flytur eigin ljóð og lög auk þess sem hún flytur Bach-svítur á selló. „Ég var í Skálholti og mun spila á Akureyri, Ólafsfirði, Raufarhöfn og Þórshöfn. Ég elska Eyþing, og líka Skálholt. Enda ættuð að hálfu úr Eyjafirði og Norður-Þingeyjarsýslu og skírð í Skálholti. Þessir staðir eiga mig. Mér finnst gaman að raða saman Bach og eigin tónlist, þó það teljist kannski ekki lítillátt háttalag, það er eins og Bach hafi alltaf verið til, allir eru alltaf að hlusta á hann en samt finnst mér stundum að tónlistin sú sé nýkomin utan úr geimnum. Kannski er það að hluta til þess vegna sem ég fór að troða mínum lögum með. Þau eru búin til nokkurn veginn á jörðinni. Það er líka þægilegt að eitthvað sé á íslensku á tónleikunum og að það sé sungið, mannsröddin er lífeðlisfræðilega séð einfaldara hljóðfæri en sellóið.“

Steinunn hefur búið í Frakklandi síðustu ár en flytur nú til Akureyrar ásamt manni og börnum. „Ég ætla að mestu að vinna hér heima en spúsinn skiptir tíma sínum milli Íslands og Frakklands, verður í eins konar tónlistarsjómennsku.“

# End of Sentence sýnd á RIFF

Kvikmynd Elfars Aðalsteins, End of Sentence, mun opna Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík, RIFF, í ár. Frumsýning verður 26. september. Kvikmyndin skartar virtum og reynslumiklum Hollywood-leikurum, þeim John Hawkes, sem tilnefndur hefur verið til Óskarsverðlauna, og Logan Lerman, sem hefur leikið í fjölmörgum stórmyndum þrátt fyrir ungan aldur. Leikstjóri og aðalleikari munu verða viðstaddir frumsýningu myndarinnar og ræða um gerð hennar að sýningu lokinni.

**END OF SENTENCE VAR NÝLEGA FRUMSÝND Á ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI Í EDINBORG OG FÉKK Í KJÖLFARIÐ LOFSAMLEGA DÓMA Í VIRTUM ERLENDUM FAGMIÐLUM.**




End of Sentence er vegamynd sem segir sögu feðga er leggja land undir fót til að heiðra minningu móður og eiginkonu, en hennar hinsta ósk var að ösku hennar yrði dreift í lítið vatn á æskuslóðunum á Írlandi. Samband feðganna er vægast sagt stirt og á vegferð þeirra um landið kemur margt upp úr kafinu.

End of Sentence var nýlega frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Edinborg og fékk í kjölfarið lofsamlega dóma í virtum erlendum fagmiðlum. Íslendingar koma að gerð myndarinnar og þar má nefna Ólaf Darra Ólafsson, Kristján Loðmfjörð og Evu Maríu Daníels. Myndin er framleidd af Sigurjóni Sighvatssyni, David Collins og Elfari Aðalsteins.

End of Sentence er fyrsta leikstjórnarverkefni Elfars í fullri lengd, en stuttmynd hans Sailcloth hlaut verðlaun sem besta íslenska stuttmyndin á RIFF árið 2011 auk þess að vinna Edduverðlaunin, sem stuttmynd ársins 2012, ásamt því að komast í lokaúrtak BAFTA- og Óskarsverðlauna það árið.

End of Sentence mun feta í fótspor kvikmynda sem hafa í kjölfar þess að opna RIFF ferðast víða um heim og notið velgengni.

# NÚ HEFST LESTURINN!




Svört perla
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-




Ósköp venjuleg fjölskylda
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 3.999.-




Móðir
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Meðleigjandinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 3.999.-




Blá
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 3.999.-




Svo skal dansa
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.799.-




Cardenio saga um glæp
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




Mótíf X
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




Sara
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




Á hálum ís
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




Átta sár á samviskunni
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




Qaanaaq
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með gildir 15 júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.















# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.40 Sumarið** Nýr og ferskur dægurmálaþáttur þar sem við kynnumst jákvæðum hliðum samfélagsins og upplifum sumarið með fjölbreyttum hætti. Umsjón: Atli Már Steinarsson, Hafdís Helga Helgadóttir og Snærós Sindradóttir. Dagskrágerð: Gísli Berg og Guðný Rós Þórhallsdóttir. e.
**13.00 Útsvar 2015-2016 Reykjanesbær - Árborg**
**14.05 Saga Danmerkur - Lýðræðið þungbæra**
**15.05 Popppunktur 2011 Skálmöld - Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar**
**15.55 Landinn 2010-2011** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson. e.
**16.20 Í garðinum með Gurrý** Í þessum þætti kíkir Gurrý í matjurtagarðinn þar sem hún setti niður kartöflur og grænmeti fyrr í vor, fær Björgvin Örn Eggertsson skógfræðing til að hjálpa sér við að fella ösp og sýnir hvernig best er að fara að þegar baunum er sáð í pott. Hún heimsækir einnig Jón Þóri Guðmundsson garðyrkjufræðing og Katrínu Eddu Snjólaugsdóttur sem eiga fjölbreytilegan garð á Akranesi. Að lokum sýnir hún hvernig kryddjurtir geta verið fyrirtaks pottaplöntur.
**16.50 Veiðikofinn Háfurinn** Í öðrum þætti Veiðikofans vill Gunni gefa Ása færi á að veiða loksins stærri fisk en hann og fara þeir því á háfaveiðar í Þykkvabæjarfjöru. Bráðin verður elduð af landsliðskokki svo ekkert ætti að fara úrskeiðis með eldamennskuna. Hvernig smakkast háfur? Slær Ási metið hans Gunna?
**17.15 Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ungviði í dýraríkinu**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið**
**20.00 Sælkeraferðir Ricks Stein - Kaupmannahöfn** Ferða- og matreiðsluþættir frá BBC þar sem sjónvarpskokkurinn Rick Stein kynnist matarmenningu nokkurra evrópskra borga. Hann heimsækir eina borg í hverjum þætti og fer meðal annars til Reykjavíkur.
**21.05 Heimavöllur**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Á valdi óvinarins**
**23.20 Spilaborg**
**00.15 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.05 Dubai Duty Free Irish Open** Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open á Evrópumótaröðinni.
**13.05 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.55 John Deere Classic** Útsending frá lokadegi John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**19.05 The Open Specials**
**19.35 Inside the PGA Tour**
**20.00 John Deere Classic** Bein útsending frá John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**23.00 Marathon Classic** Útsending frá Marathon Classic á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** A.P. BIO
**13.30** Black-ish
**13.50** Younger
**14.15** Kling Kling
**14.40** Our Cartoon President
**15.10** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Fam
**20.10** The Orville
**21.00** Proven Innocent
**21.50** Get Shorty
**22.50** Still Star-Crossed
**23.35** The Tonight Show
**00.20** The Late Late Show
**01.05** NCIS
**01.50** NCIS. Los Angeles
**02.35** Law and Order
**03.20** Jamestown
**04.05** Pose

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér Theódór Kr. Þórðarson
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Sumarmál. Fyrri hluti
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Sumarmál. Seinni hluti
**14.00** Fréttir
**14.03** Ljóðabókin syngur
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Tengivagninn
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Brot úr Morgunvaktinni
**18.30** Útvarp KrakkaRÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**20.30** Á reki með KK
**21.30** Kvöldsagan. Ósjálfrátt
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Sumarmál. Fyrri hluti
**23.05** Sumarmál. Seinni hluti
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.35** Middle School. The Worst Years of My Life
**13.05** Manglehorn
**14.40** Gold
**16.40** Middle School. The Worst Years of My Life
**18.15** Manglehorn
**19.55** Gold
**22.00** The Hangover Part II
**23.45** This is The End
**01.35** 24 Hours to Live
**03.10** The Hangover Part II

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Grey's Anatomy
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Hand i hand
**10.45** My Babies Life. Who Decides?
**11.35** Ísskápastríð
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Ocean's Twelve
**15.05** Leave No Trace
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55** Veður
**19.00** Borgarstjórinn
**19.25** Fresh Off the Boat
**19.45** Masterchef USA
**20.30** L.A.'s Finest
**21.15** Animal Kingdom
**22.00** Euphoria
**22.55** Big Little Lies
**23.50** Absentia
**00.30** Crashing
**01.05** Harry Potter and the Deathly Hallows. Part 1
**03.25 Ocean's Twelve** Sjálfstætt framhald myndarinnar Ocean's Eleven. Hún segir frá Danny Ocean sem safnar saman hóp af þjófum og svikahröppum í New York. Þaðan liggur leið þeirra til Amsterdam, Rómar og Parísar þar sem þrjú stór rán liggja fyrir en það reynir á kænsku hópsins að yfirstíga þær hindranir sem á veginum verða.

## STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Bob's Burgers
**20.00** Seinfeld
**20.45** Friends
**21.10** Stelpurnar
**21.35** iZombie
**22.25** Grimm
**23.10** Vice Principals
**23.40** Famous in Love
**00.20** American Dad
**00.45** Seinfeld
**01.10** Kevin Can Wait
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** FH - Víkingur
**09.00** Breiðablik - HK
**10.40** Spænsku mörkin
**11.05 Argentína - Síle** Útsending frá leik um 3. sætið á Copa America.
**12.45 Brasilía - Perú** Útsending frá úrslitaleik Copa America.
**14.25** Martin. Saga úr Vesturbæ
**15.10** Valur - Maribor
**16.50 Molde - KR** Bein útsending frá fyrri leik í Undankeppni Evrópudeildarinnar.
**19.00** N1 - mótið
**19.45 Stjarnan - Levadia Tallin** Bein útsending frá leik í Undankeppni Evrópudeildarinnar.
**22.00** Pepsi Max mörk kvenna
**23.00** Martin. Saga úr Vesturbæ
**23.45** Molde - KR
**01.25** Fjölnir - Keflavík

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.10 Fjölnir - Keflavík** Bein útsending frá leik í Inkasso deild karla.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!





**Fullmeyrnað lambalæri**
Ferskt
**1.348** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.498 KR/KG
-10%



-20%
**Nautalund**
1/2 - íslensk
**4.798** KR/KG
**ÁÐUR:** 5.998 KR/KG



-20%
**Lambalæri**
Úrbeinað m/piparosti
**2.287** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.859 KR/KG



**Kjúklingabringur**
í grillmarineringu
-28%
**1.994** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.769 KR/KG



**Víkingagrís**
BBQ
-20%
**1.743** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.179 KR/KG

## GOTT Í GRILLVEISLUNA!



**Grill mix**
í kryddsmjöri
**1.259** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG
-30%



-40%
**Lambagrillkjöt**
í original marineringu
**1.079** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG




-22%
**Häagen Dazs ís**
500 ml
**699** KR/STK
**ÁÐUR:** 899 KR/STK



-40%
**Ítalskt filonebrauð**
635 gr
**239** KR/STK
**ÁÐUR:** 399 KR/STK

**Mangó**
**275** KR/KG
**ÁÐUR:** 549 KR/KG
-50%



**nettó**
Lægra verð – léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 11. - 14. júlí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

Kvikmyndahornið

## Stjörnum prýddar frægðargötur



Edda Karítas Baldursdóttir
eddakaritas@frettabladid.is



Björgvin Halldórsson fékk nýlega fyrstu stjörnu íslenskrar tónlistar í gangstétt Strandgötu í Hafnarfirði.

Bó verður varla lengi eina stjarnan þarna þar sem fyrirmyndin er gangstéttin Hollywood Walk of Fame, sem prýdd er rúmlega 2.600 stjörnum, við Hollywood Boulevard í Los Angeles.

Fjöldi þeirra frægustu og dáðustu sem hefur hlotnast heiðurinn gæti fyllt vetrarbraut en samt þarf ekki að hafa mörg orð um hversu eftirsóttur þessi heiðurssess er.

Þótt þeim sem skreyta götuna sé sýndur þessi sómi fyrir ýmis, mismerkileg og mjög svo ólík afrek á leiksviði skemmtanalífsins þykir það mikið stöðutákn að fá nafn sitt á stjörnu sem milljón manns munu fótumtroða.

Sérstök nefnd í Hollywood sér um að útdeila stjörnunum og hún lét nýlega þau boð út ganga að 35 nýjar stjörnur muni bætast á gangstéttina frægu á næsta ári.

Julia Roberts, Chris Hemsworth, Spike Lee, Octavia Spencer og Mahershala Ali eru meðal þeirra sem urðu fyrir valinu að þessu sinni. Þar sem þau bætast í hóp þar sem fyrir eru Mikki Mús, Donald Trump og David Hasselhoff kemur eflaust mörgum á óvart hverjir eru og hafa verið skildir út undan en þar á meðal er margt af hæfileikaríkasta og frægasta fólki heims.



### Þau eru ekki á Hollywood Walk of Fame

Leonardo DiCaprio
Brad Pitt
Angelina Jolie
Will Smith
Oprah
Carrie Fisher
Whitney Houston
Beyoncé
Prince
Clint Eastwood
Robert Redford
George Lucas
Robert De Niro
Warren Beatty
Diane Keaton
Mel Gibson
Jim Carrey



# Hulk öskrar á íslensku

Hinar sívinsælu Marvel-ofurhetjur snúa nú aftur á íslensku eftir áratuga hlé í glænýjum myndasögum sem Bjarni Gautur Eydal gefur út undir merkjum DP-IN, útgáfufyrirtækis sem hann stofnaði gagngert til þess að gera myndasögur úr Marvel-heiminum aðgengilegar ungum lesendum á okkar eldgamla ylhýra.

Bjarni segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi viljað gefa krökkum kost á því að geta lesið um uppáhalds ofurhetjurnar sínar á íslensku í stað ensku og bendir á að í „gamla daga“ áður en hann fæddist hafi til dæmis Hulk og Köngulóarmaðurinn verið gefnir út á íslensku.

„Í gamla daga, áður en ég og þú fæðumst, þá voru Hulk og Spiderman gefnir út á íslensku. En við erum í fyrsta sinn að fara að gefa sögurnar út í réttri tímaröð og í kiljum,“ segir Bjarni.

„Ég hef unnið mikið með krökkum á frístundaheimilum og ég tók eftir því að það eru ekki margir valmöguleikar fyrir lestur. Ég ólst upp í Svíþjóð og ólst upp við að lesa Marvel-myndasögur á sænsku.“




Hér hefst ævintýrið um Hulk þegar Bruce Banner verður fyrir gamma-geislum og verður bókstaflega grænn af reiði.




Bjarni Gautur fagnar útgáfunni með teiknimyndasamkeppni í Spilavinum á Suðurlandsbraut klukkan 12 á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRNA

Það eru ekki ómerkari kempur en græni berserkurinn Hulk og stökkbreytta gengið sem kennt er við X-Men sem ríða á íslenskuvaðið í veglegum og hnausþykkum bókum. Köngulóarmaðurinn og fulltrúi okkar á Norðurlöndum, þrumuguðinn Þór, munu fylgja í kjölfarið.

„Við ætlum að gefa út bæði gamlar og nýjar. Þetta er svona bæði og, við ætlum að raða þessu upp í réttri tímaröð,“ segir Bjarni.

odduraevar@frettabladid.is
toti@frettabladid.is



# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## AMO GLÚTEINLAUSAR VÖRUR




**657kr**
**AMO BRAUÐMJÖL**
600g




**587kr**
**AMO SÚKKULAÐIKÖKUMIX**
400g




**597kr**
**2 x 100g**
Norðlenska




**657kr**
**AMO MJÖL F. SÆTAB.**
600g




**637kr**
**AMO BROWNIEMIX**
500g




**117kr**
**HAMBORGARABRAUÐ**
MYLLAN 115g




**427kr**
**SÓSUR 410g**
ALLAR TEGUNDIR




**619kr**
**AMO PÖNNUKÖKUMIX**
300g




**489kr**
**BOX TO BAKE 500g**
ALLAR TEGUNDIR

**Settu vatn í boxið**, hristu það og inn í ofn. Ilmandi nýbakað brauð



SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**




SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**




**OPIÐ**
**10:00 TIL 22:00**
**ALLA DAGA**



# Nýtt bílaplan á Krókhálsi 9

## Enn betra úrval frábær kjör!




**SSANGYONG TIVOLI DLX**
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
Verð: 3.290.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**




**CHEVROLET SPARK LTZ**
Nýskráður: 2017 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 59.000 km.
Verð: 1.190.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**




**CHEVROLET CRUZE LTZ**
Nýskráður: 2011 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 78.000 km.
Verð: 1.390.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**




**PEUGEOT 3008**
Nýskráður: 2012 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 103.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**




**OPEL CORSA**
Nýskráður: 2014 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 86.000 km.
Verð: 990.000 kr.
**Tilboð: 690.000 kr.**




**RENAULT CLIO ZEN ST**
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**NISSAN QASHQAI**
Nýskráður: 2016 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 122.000 km.
Verð: 2.290.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**OPEL ZIAFIRA TOURER**
Nýskráður: 2015 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 65.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.390.000 kr.**

Bílabúð Benna
benni.is

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.






**Tómas hefur að eigin sögn verið að gretta sig á myndum frá því hann var fimm ára gamall.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borðaði bara banana í mánuð

Listamaðurinn Tómas Freyr er með sýningu í Galleríi Porti fram yfir helgina. Hann kemur að striganum án fastmótaðra hugmynda og notar listina sem sjálfsskoðun. Eitt sinn borðaði hann bara banana í heilan mánuð.



**Í verkunum vann Tómas með samspil ytri og innri heima.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í verkunum á þessari sýningu er ég svolítið að vinna með samspil innri og ytri heima. Ég er mjög heltekinn af því að teikna persónur í listinni minni. Svo reyni ég líka að koma að striganum án fyrirfram mótaðra hugmynda um hvað ég ætla að gera,“ segir listamaðurinn Tómas Freyr Þorgeirsson, sem er með myndlistarsýningu sem stendur nú yfir í Galleríi Porti.



Hann segir mikla sjálfsskoðun vera fólgna í ferlinu á bak við gerð verkanna, bæði út og inn á við.

„Fígúrurnar á myndunum enda því oft sem ákveðið form af sjálfsmynd og striginn verður að nokkurs konar spegilmynd þess sem er að gerast í hausnum á mér hverju sinni.“

Þó segir Tómas þessa aðferð ekki vera mikið útpælda, heldur fyrst og fremst fólgna í forvitninni að sjá útkomuna og að nota listina sem verkfæri til sjálfsskoðunar.

„Ég stundaði mikið hugleiðslu þegar ég vann í gerð þessara verka sem eru á sýningunni og hugsaði mikið um heilsuna, líkamlega sem og andlega. Ég prufaði mig áfram með ýmislegt mataræði. Eitt sinn borðaði ég til dæmis bara banana í heilan mánuð, “ segir Tómas.

Hann hefur líka gaman af að skoða hvernig innri persóna fólks birtist á ljósmyndum, því heldur hann sig fyrst og fremst við vægast sagt gleðilegt fas þegar teknar eru af honum ljósmyndir.

„Mér finnst það einhvern veginn áhugavert hvernig fólk breytir alveg um svip. Flestir eru með fyrir fram ákveðinn svip eða bros sem birtist alltaf um leið og upp er tekin myndavél.“

Tómasi finnst áhugavert hve margir eru meðvitaðir um hvor hliðin á andlitinu myndist betur og hvaða líkamsstelling komi best út á filmu.

„Ég hef ekki stúderað þetta nógu vel á sjálfum mér, að þekkja kosti míns eigin andlits á mynd. Þannig að ég held mig bara við þennan svip og stefni á að gera það í ókominni framtíð,“ segir Tómas að lokum um meðfylgjandi mynd af honum.

Sýning Tómasar er opin yfir helgina og er í Galleríi Porti við Laugaveg 23b. **steingerdur@frettabladid.is**

### HEFUR BÚIÐ ÚT UM ALLAN HEIM

Tómas útskrifaðist úr myndlist frá LHÍ árið 2009. Undanfarin ár hefur hann mestmegnis búið erlendis og því lítið sýnt list sína hér heima. Hann hefur meðal annars búið í Kína, Taílandi, á Spáni, í nektarnýlendu í Noregi og með fjárhirðum í Búlgaríu.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




## Poppaðu upp tilveruna!

Nóa Popp Smellur er nýtt og ómótstæðilegt súkkulaðihúðað poppkorn sem einnig er fáanlegt með pipardufti. Grípandi smellur sem tyllir sér beint á topp vinsældalistans.
Popp Smellur. Nýjasti Smellurinn frá Nóa Síríus.

# DORMA

Láttu drauminn rætast




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánud. til föstud. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 11. ágúst 2019 eða á meðan birgðir endast.*

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

# Freistandi tilboð í fjórum búðum

| Smáratorgi | Holtagörðum |
| Akureyri | Ísafirði |



HEILSURÚM
HEILSUDÝNUR
STILLANLEG RÚM
SÆNGUR OG KODDAR
RÚMFATNAÐUR
HÆGINDASTÓLAR
SVEFNSÓFAR
HANDKLÆÐI
NÁTTBORÐ
GAFLAR
SÓFAR
OG ÓTALMARGT
FLEIRA SPENNANDI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Alfa karlar

Alfa karldýrið (Alpha Male) er það karldýr eða karlmaður sem fer með völdin. Í dýraríkinu fær alfa karlinn að makast við þau kvendýr sem hann kærir sig um og hann fer með alræðisvald yfir hópnum. Stöðu sinni heldur hann þangað til einhver annar gerir tilkall til krúnunnar og þá oft með ofbeldi. Fyrrverandi alfa karlinn endar þá oft hrakinn burt, hæddur og smáður.

Hjá okkur mönnunum er þessu svipað háttað. Alfa karlinn er karlinn sem tekur sér yfirburðastöðu í hóp. Hann tekur sér það vald sem honum er ætlað, oftast þó án blóðsúthellinga. Hér á landi höfum við haft langa og leiðinlega hefð fyrir svona körlum.

Simpansar sem bæði eru menn og dýr fara þó blandaða leið þegar kemur að skipan í alfa stöður.

Hjá þeim geta nefnilega minni karldýr komist til forystu með stjórnvisku en með stuðningi réttu aðilanna.

Örlög fyrrverandi alfa karlsimpansa geta þó verið æði ólík. Þannig eru dæmi um að aðrir karlapar taki sig saman og murki lífið úr leiðtoganum í blóðugri byltingu hafi hann komið fram af óréttlæti eða grimmd. Þó eru til dæmi um hið gagnstæða þar sem fyrrverandi alfa apinn stígur niður, t.d. sökum aldurs, og fær aðra stöðu innan hópsins. Gætir að ungviði og gefur ráð. Stöðu þar sem hann nýtur virðingar í krafti þess að hann sætti sig við breytta heimsmynd og nýtt valdajafnvægi.

Í dag sjáum við fyrrverandi alfa karla, menn sem óðu yfir íslenskt samfélag á síðustu öld í krafti valds og stöðu, emja sárt. Breytt heimsmynd jafnvel með alfa konum þar sem þeir eru ekki lengur í lykilhlutverki veldur þeim gremju og reiði. Það er sárt hlutskipti. Því það er hægt að velja að stíga til hliðar með sæmd og reisn. En ekki láta fleygja sér úr hópnum með illu.





